

LAND & SAGA

2014, 1. tölublað 8. árgangur



Sumarlandið

www.landogsaga.is



LAND&SAGA

Sumarlandið 2014, 1. tölublað 8. árgangur

Útgefandi

Icelandic Times Media ehf.
Siðumúla 1, 108 Reykjavík
Sími 578 5800
info@landogsaga.is
www.landogsaga.is

Ritstjóri og framkvæmdastjóri

Einar Þorsteinsson
einar@landogsaga.is

Verkefnastjóri

Edda Snorraddóttir

Forsíðumynd

Kirkjufell við Grundarfjörð
Rafn Sig., - Islandsmyndir.is

Umbrot og hönnun

EKS ehf. / Elín Sigurðardóttir
Guðmundur Snaer Guðmundsson

Blaðamenn

Björn Reynir Halldórsson
E. Marie Valgarðsson
Geir Guðsteinsón
Hrafnhildur Þórhallsdóttir
Nanna Hlín Halldórsdóttir
Sigrún Pétursdóttir
Svara Jónsdóttir
Vignir Andri Guðmundsson

Markaðs og söludeild

Alexander Kazek
Kolbrún Kristín Ólafsdóttir
Sindri Birgisson

Prentun

Landsprent

Dreifing

Með helgarútgáfu Morgunblaðsins og víðar

Ferðasumarið er í háblóma. Þó Íslendingar kvarti yfir sólarleysi og vætutið virðist það ekki hafa nokkur áhrif á þann flaum ferðamanna sem hingað streymir. Eyjan okkar trekkir að hvað sem öllu skjafari líður. Hvert sem litid er má sjá stóreygða gesti frá hinum ólíkustu stöðum á jarðkringlunni, klífaða landakortum, vatnsflöskum og myndavélum. Fjölbreytnin hefur aldrei verið meiri og eðlilega eykur það kröfurnar á okkur Íslendinga um að veita ólíkum hópum viðeigandi þjónustu.

Samhliða auknum áhuga ferðamanna á Íslandi hafa margvísleg spennandi tækifæri og möguleikar spottid upp sem heimamenn hafa nýtt með aðdánarverðum hætti. Við erum harðgerð þjóð sem hefur notið góðs af dugnaði og frjósemi í hugsun - framtakssemi einkaaðila um allt landi ber skýran vott um það.

Þá vinna markaðsstofur landsins einnig ótult starf og styðja dyggilega við bakið á ferðaþjónsutaðildum. Markmiðið er sameiginlegt: að bæta þjónustu við ferðamenn svo upplifun gesta sé sem ánægjulegust og ekki síður að leitast við að ná fram hámarks arðsemi af greininni.

En það er ekki einungis áhugi erlendra ferðamanna sem hefur aukist síðustu misserin heldur virðast Íslendingar í auknum mæli kunna að meta kosti síns ágæta lands. Það sést best á fjölgun heimamanna sem kys að verja sumarfrí sínu innanlands og vill jafnframt sjá og upplifa það besta sem hver landshluti hefur upp á bjóða, líkt og erlendu gestirnir sem sækja okkur heim.

Sumarlandinu, sem gefið er út af útgáfufélaginu Landi og sögu, er ætlað að þjóna tilgangi kærkomins vefvísis fyrir innlenda ferðamenn sem vilja fræðast um þá fjölmörgu kosti sem landið býður upp á - og gera þeim þannig hægara um vik að nálgast þá þjónustu og afþreyingu sem hugurinn stendur til.

Segja má að blaðið sé nokkurskonar hliðstæða ferðaritsins Icelandic Times sem Land og saga hefur gefið út um fimm ára skeið. Markmið Icelandic Times er að kynna fyrir erlendum ferðamönnum þá margbreytilegu þjónustu, afþreyingu og upplifun sem Ísland og Íslendingar hafa upp á að bjóða. Blaðið hefur dafnað jafnt og þétt með árunum í takt við aukinn ferðamannafjölda og kemur enska útgáfa blaðsins nú út

fimm sinnum á ári en franska og þýska útgáfan árlega. Ritinu, á öllum tungumálum, er dreift frítt um allt land þar sem það liggur hvarvetna frammi á fjölförnum stöðum þar sem gestir geta nálgast þau endurgjaldslaus. Núorðið er veglegri útgáfa blaðsins einnig fáanleg í öllum betri bókaúðum.

Í haust mun starfsemi blaðsins svo aukast enn frekar með glænýrri útgáfu á kínversku. Kínverjar eru ört stækandi hluti þess hóps sem hingað sækir og er augljós þörf á að mæta þeirri aukningu með vönduðu kynningarefni í viðeigandi formi. Enda hlýtur það að vera metnaður, löngun og vilji okkar allra að þjónusta þann hóp af fagmennsku og gleði.

Á því leikur enginn vafi að innlendir sem erlendir ferðamenn hafa mikinn áhuga á að nýta sér umfjöllun af þessu tagi. Og á meðan svo er mun Land og saga halda áfram að teygja sig í þær áttir sem eftir því kalla og laga sig að þörfum þeirra mörgu og ólíku gesta, sem og heimamanna, sem vilja kynnast því besta sem Ísland hefur upp á að bjóða.

Gleðilegt ferðasumar!

» **Arkart - Guðrún Stefánsdóttir**

Eftirtektarverð hönnun byggð úr leðri

Guðrún Stefánsdóttir hannar leðurvarning undir eigin vörulínu að nafni Arkart samhliða störfum sínum sem arkitekt. Hönnun á svo ólíkri stærðargráðu getur vel átt sér marga sameiginlega fleti, enda má hæglega sjá hin geometrisku form arkitektúrarsins í hönnun Guðrúnar.

Arkart-línan samanstendur aðallega af leður-töskum af öllum stærðum og gerðum, sem og hálsfestum og eyrnalokkum úr sama efni. Guðrún hélt sig upprunalega við að sníða töskurnar en upp-götvaði svo sér til ánægju að það leður sem varð afgangurinn við töskurnar gat nýst til ýmiss brúks. Hóf hún því að hanna hálsfestarnar og eyrnalokkana úr afganginum með því að sníða hin ýmsu geometrisku form, svo sem hringi og ferninga, í mismunandi litum sem svo mynda fallega heild þegar þeim er raðað saman á festi eða lokk.

Vörur Arkart-línunnar bera þess ljós merki að um vanan og reyndan arkitekt er að ræða með greinilegar fagurfræðilegar áherslur.

Einfaldleikinn sem og regufestan er í fyrirritum, eiginleikar sem eru þrýði bæði fyrir hverja einustu byggingu sem og fallega hönnun.

Geometrisk form, sem svo mikilvæg eru við mótun fallags umhverfis húsa og bygginga, einkenna hönnun Arkart-línunnar. En á sama tíma glæða hinir ýmsu ólíku litir hin einföldu form miklu lífi og tóna saman á skemmtilegan hátt. Allar vörur línunnar eru unnar frá grunni af Guðrúnu sjálfri. Vinnur hún töskurnar og skartgripina úr náttúrulegu, ólituðu sauðskinnleðri.

Guðrún hafði lengi verið að vinna hluti úr leðri sér til yndisauka samfara störfum sínum sem arkitekt. Hana hafði dreymt um að geta eytt meiri tími í leðurhönnunina en það var ekki fyrir en harnaði á dalinum á Íslandi að sá tími gafst. Áhuginn á arkitektúr hefur þó aldrei dvinað.

Hún nam arkitektúr við hin Konunglega Arkitektaskóla í Kaupmannahöfn, þaðan sem hún lauk námi árið 1986. Hóf hún vinnuferillinn hjá

Guðna Pálssyni arkitekt en hóf sjálf rekstur eigin teiknistofu árið 1989 í samfloti við samstarfsmenn.

Að sögn Guðrúnar spanna verkefni hennar sem arkitekts allt litrófið, frá hönnun umhverfis til stóra bygginga. Mest hafi hún teiknað fyrir einkaaðila og þótt það skemmtilegustu verkefni þegar hún fengi að hanna allt umhverfi fólks; byggingu sem og innréttingar hennar, garða og jafnvel sumarbústaði.

Sala á vörulínunni Arkart hefur gengið afar vel að sögn Guðrúnar og tók hún meðal annars þátt í sýningunni Handverk og hönnun í Ráðhúsi Reykjavíkur á dögum. Hægt er að nálgast nánari upplýsingar um vörulínu Guðrúnar á arkart.is en hún er einnig til sölu í Listasafni Íslands í Rammagerðinni, á Leifstöð, í Snorrastofu í Reykholti og beint frá Guðrúnu sjálfri.



www.facebook.com/arkartdesign00 -NHH



Undirbúðu sumarið

Þú missir ekki af neinu í sumarhúsinu eða á ferðalögum innanlands með ferðanetbúnaði og 4G Netáskrift Vodafone.

Kíktu við í næstu verslun okkar og græjaðu þig upp fyrir sumarið.

Vodafone

Góð samskipti bæta lífið



4G Ferðanetbeinir (MIFI)
12.990 kr.

Gegn 6 mán. 4G Netáskrift, stærri en 1 GB eða 19.990 kr. stgr.



4G Netbeinir
20.990 kr.

Gegn 6 mán. 4G Netáskrift, stærri en 1 GB eða 34.990 kr. stgr.



4G Nettengill
7.990 kr.

Gegn 6 mán. 4G Netáskrift, stærri en 1 GB eða 13.990 kr. stgr.

4G Netáskrift er fyrir þá sem vilja tengjast netinu á auðveldan hátt í sumarhúsinu, bílum og á ferðalögum innanlands.

| | | | | |
|--|--|---|---|--|
| 1 GB 1.190 kr. Áskrift | 5 GB 2.190 kr. Áskrift & netfrelsi | 15 GB 3.990 kr. Áskrift & netfrelsi | 50 GB 5.190 kr. Áskrift | 100 GB 6.490 kr. Áskrift |
|--|--|---|---|--|





” Samhliða aukinni verslun og viðskiptum mun fólk þekkja landið betur og það skilar sér í aukningu ferðamanna til landsins.“

- Þórir Garðarsson, framkvæmdastjóri sölu- og markaðssviðs Iceland Excursions Gray Line

» Kinverskum ferðamönnum fjölga um 50% milli ára

Fjöldi tækifæra á Kínamarkaði

Fjöldi ferðamanna frá Kína til Íslands og víðar í Evrópu fer ört fjölgandi og með gildistöku fríverslunarsamnings við Kína er talið að enn fleiri tækifæri muni skapast fyrir ferðafjórðungstuna á Íslandi.

Á fyrstu sex mánuðum ársins

2014 hefur fjöldi kínverskra ferðamanna til Íslands aukist um helming frá árinu áður og er mikil aukning kínverskra ferðamanna raunar fyrir-séð í Evrópu allri.

Fríverslunarsamingurinn hefur í sjálfu sér ekki bein áhrif á ferðafjórðungstuna, en talið er að aukin viðskipti og samskipti við Kína muni stuðla að landkynningu þar ytra.

Ragnheiður Elin Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðgjafi, segist sjá ýmis tækifæri í fríverslunarsamningi við Kína. „Við höfum fundið fyrir áhuga frá kínverskum fjárfestum varðandi ýmis verkefni og því ekki útilokað að þeir íhugi einnig fjárfestingar í ferðafjórðungstunu. Kínverskir ferðamenn eru eftirsóttir og rannsóknir sýna að þeir eyða meira en meðal ferðamaðurinn. Við bindum því vonir við að þeim komi til með að fjölga hér á næstu árum – sérstaklega ef áform um beint flug ganga eftir.“ segir Ragnheiður.

Grimur Sæmundsen, formaður Samtaka ferðafjórðungstunnar, segist fagna samningnum og að hann muni meðal annars styðja vel við það markaðsstarf sem þegar er í gangi í Kína. „Við höfum í sjálfu sér ekki lagt sérstakt mat á kosti samningsins hvað varðar ferðafjórðungstunu, en ég held að þessi samningur sé af hinu góða hvernig

sem á það er lítið. Aukin verslun við Kína mun þannig stuðla að auknum áhuga á Íslandi og helst þetta því allt í hendur með jákvæðum formerkjum.“ segir Grimur. Eins nefnir Grimur að ferðafjórðungstuna á Íslandi afli sér ýmissa rekstraraðfanga sem framleidd séu í Kína og sé samningurinn einnig hagstæður hvað það varðar.

Grimur telur ekki að gildistaka samningsins muni leiða til sérstak-

muni einfaldlega styrkja það starf.“ segir Grimur.

Ólíkur markaður

Þórir Garðarsson, framkvæmdastjóri sölu- og markaðssviðs Iceland Excursions Gray Line, segir að þó fríverslunarsamningurinn snúist að mestu um viðskipti með vörur, muni hann hafa í för með sér góð kynningaráhrif í Kína. „Ég þekki þessa Asíamarkaði ágætlega og veit

” Staðreyndin er sú að flugleiðin frá Peking til Keflavíkur er styttri en Peking til London. Ísland er því í mjög góðri stöðu, það er bara spurning um hvenær menn sjá markaðinn hérna nógu öflugan til að sjá fyrir sér Asíuflug með Ísland sem höfn milli Evrópu og Bandaríkjanna.“

- Össur Skarphéðinsson, fyrrum utanríkisráðgjafi

ar aukningar ferðamanna frá Kína og ekki þurfi að grípa til sérstakra ráðstafana þess vegna.“ Það hefur verið hér stöðug aukning ferðamanna frá Kína undanfarin ár en fjöldi ferðafjórðungstunnar hefur eftir markaðsstarf sitt í Kína síðustu misseri. Það er vinna og kostnaður sem er þar að baki og ég tel að þessi samningur

ad umræðan um landið vinnur alltaf með okkur. Samhliða aukinni verslun og viðskiptum mun fólk þekkja landið betur og það skilar sér í aukningu ferðamanna til landsins.“

Þórir segir þó að kínverski markaðurinn sé um margt ólíkur mörgum öðrum mörkuðum og að fólk verði að skilja menningarmuninn



sem þar er á milli. „Þarna eru mörg spennandi tækifæri á ört vaxandi markaði, en það þarf að nálgast allt kynningarstarf og þjónustu öðruvísi. Mín reynsla er til dæmis sú að kínverskir ferðamenn þurfa gjarnan meira aðhald í ferðafjórðungstunu og þarf því að hafa þjónustunni við þá á annan hátt en ferðamenn frá t.d. sumum nágrannalanda þeirra.“ segir Þórir.

” Við sóttum nýverið eina stærstu ferðakaupstefnu í Asíu sem einblínir á ferðafjórðungstunu í háum gæðaflokki og sáum þar mörg tækifæri.“

- Jónína Bjartmarz, framkvæmdastjóri IETP

Fríverslunarsamningurinn hefur unnið náði með kínverskum ferðafjórðungstunufyrirtækjum um kynningu á Íslandi og segir Jónína að þá sé horft sérstaklega til betur megandi ferðamanna. „Við hjá Bjartmarz, segist finna fyrir miklum áhuga á Íslandi þar ytra og þar séu mörg tækifæri í ferðafjórðungstunu, án þess þó að fríverslunarsamningur við Kína hafi þar áhrif á.

aukna arðsemi. Við sóttum nýverið eina stærstu ferðakaupstefnu í Asíu sem einblínir á ferðafjórðungstunu í háum gæðaflokki og sáum þar mörg tækifæri.“

Jónína segir þó að ferðafjórðungstunufyrirtæki þurfi þó að ganga í takt ef halda á sérstöðu Íslands og skapa aukinn arð á sama tíma. „Það kemur sér þannig illa ef ferðafjórðungstunufyrirtæki hérna eru að selja kínverskum ferðaskrifstofum ódýrar ferðir, án þess að huga að gæðum. Þessir betur megandi ferðamenn vilja ekki endilega koma og sjá fleiri tugi rúta við áfangastaðina, þeir vilja frekar upplifa náttúruna. Það eru ekki endilega fimm stjörnu hótél sem við þurfum, jafnvel þó einhverjir ferðamenn setji þáð fyrir sig, en við þurfum að huga að fjölda ferðamanna sem þessir staðir þola og standa vörð um náttúruna.“ segir Jónína.

” Það hefur verið hér stöðug aukning ferðamanna frá Kína undanfarin ár en fjöldi ferðafjórðungstunufyrirtækja hefur eftir markaðsstarf sitt í Kína síðustu misseri. Það er vinna og kostnaður sem er þar að baki og ég tel að þessi samningur muni einfaldlega styrkja það starf.“

- Grimur Sæmundsen, formaður Samtaka ferðafjórðungstunnar

Beint flug til Kína?

Össur Skarphéðinsson, fyrrum utanríkisráðgjafi, sem undirritaði saminginn fyrir hönd Íslands, segir saminginn fela í sér tækifæri í ferðafjórðungstunu, en með því að koma á beinu flugi til Kína sé hægt að gera Ísland að miðstöð fyrir ferðalög kínverskra túrista og kaupþýslumanna til Evrópu og Ameríku. Þess vegna sé mikilvægt að Ícelandair vinni að beinu flugi til Kína í samvinnu við íslensk stjórnvöld.

Þórir segir að þó það hafi verið lengi í umræðunni að koma á beinu flugi til Asíu, sé það aðeins

tímaspursmál hvenær það gerist. „Staðreyndin er sú að flugleiðin frá Peking til Keflavíkur er styttri en Peking til London. Ísland er því í mjög góðri stöðu, það er bara spurning um hvenær menn sjá markaðinn hérna nógu öflugan til að sjá fyrir sér Asíuflug með Ísland sem höfn milli Evrópu og Bandaríkjanna. Ég tel það að eina vera tímaspursmál og ekki margir áratugir í að það verði að veruleika.“ segir Þórir.

-VAG



» Við horfum í austur

Icelandic Times á nýjum slóðum

Ísland er í tisku, um það er engum blöðum að fletta. Hvaða meðal-Íslendingur sem er þarf ekki nema taka sér stuttan spásitúr niður Laugaveginnum svo að honum læðist sá grunur að allir vegir liggja til Íslands. Um þá gríðarlegu aukningu sem orðið hefur í komu ferðamanna til landsins þarf ekki að fjölyrða og það liggur í hlutarins eðli að sú aukning felur í sér að flóran verður sífellt fjölbreyttari – og þá um leið krafan um viðeigandi þjónustu.

Ferðaritarið Icelandic Times hefur á síðustu árum vaxið umtalsvert í takt við þessar breytingar og er nú gefið út á þremur tungumálum; ensku, frönsku og þýsku. Enska ritid kemur út fimm sinnum á ári en áherslur innan ferðafjórðungstunnar eru talsvert breytilegar eftir árstíðum og er blaðinu ætlað að mæta ólíkum þörfum þeim tengdum. Þýsku og frönsku útgáfurnar eru enn sem komið er heils árs blöð sem gefin eru út í byrjun sumars. Nú í haust stendur svo til að stækka útgáfuna enn frekar og gefa út blað sérstaklega ætlað kínverskum ferðamönnum – og því auðvitað á kínversku!

Stór markaður, spennandi möguleikar

Aðspurð að því hvers vegna hafi verið ákveðið að leggja í slíka útgáfu, svarar Edda Snorradóttir,



Edda Snorradóttir.

verkefnastjóri Icelandic Times, því til að kínverski markaðurinn sé einfaldlega afar spennandi, ekki síst sökum stærðar og þeirra möguleika sem í honum felist. „Það er fyrir séð að ferðalög Kínverja erlendis munu halda áfram að aukast og við viljum að sjálfsögðu að Ísland tryggi sér sess í hugum kínverskra ferðalanga sem spennandi valmöguleiki. Í Kína er unnið ótulllega að íslenskri landkynningu og við

þurfum að leggja okkur fram við að bjóða þá ferðamenn velkomna sem sækja okkur heim. Hluti af því felst í að veita þeim upplýsingar á þeirra eigin tungumáli um staðhætti og þá þjónustu sem hér er í boði og gera þeim þannig hægara um vik að nálgast ýmis konar afþreyingu og upplifun svo heimsóknin verði þeim sem ánægjulegust.“

Tækifæri til að ná til nýs hóps

Blaðið verður skrifað á mandarín kínversku sem er opinbert mál í Kína og útbreiddasta mállýska landsins. Efni blaðsins verður alfaríð unnið hér landi en svo þýtt og staðfært af sérfræðingum og kínverskumælandi starfsfólki Icelandic Times. Edda leggur áherslu á að framtak af þessu tagi reynist gagnlegt fyrir þau fyrirtæki innan ferðafjórðungstunnar sem vilji ná

” Við þurfum að leggja okkur fram við að bjóða þá ferðamenn velkomna sem sækja okkur heim. Hluti af því felst í að veita þeim upplýsingar á þeirra eigin tungumáli um staðhætti og þá þjónustu sem hér er í boði svo upplifun af heimsókninni verði þeim sem ánægjulegust.“

- Edda Snorradóttir, verkefnastjóri Icelandic Times

Fyrsta kínverska útgáfa Icelandic Times mun líta dagsins ljós þann 1. október næstkomandi. Dagsetningin er táknað, enda þjóðhátíðardagur Kínverja.

til þessa hóps ferðamanna og hafi jafnvel þegar lagt í það fjármagn og vinnu. Þá sé útgáfan ekki síður áhugaverð fyrir hina sem hafa hug á að taka það skref. Blaðið verður að forminu til svipað þeim sem Icelandic Times er þegar að gefa út þótt hafa verið hugfast að talsverður menningarmunur sé á milli Íslendinga og Kínverja. Því þurfi að huga að ýmsu varðandi framsetningu þannig tryggt sé að skilaboðin komist óþjögud á leiðarenda. Grunnhugmyndin er þó vitaskuld alltaf sú sama, þ.e. að aðstoða þá sem hingað koma og leiða þá inn í menningu okkar, sögu og náttúru. Það er jú það sem þeir eru komnir til að upplifa.

www.icelandictimes.com

-HP



» Grayline

Skortur er á heildarsýn hins opinbera í ferðapjónustu

Fjöldi tækifera hefur reynst vera í öróm vexti ferðapjónustunnar á Íslandi undanfarið, en að sama skapi hafa vaknað upp spurningar um framtíð atvinnugreinarinnar. Þótt þjóð taki ferðamönnum alla jafna fagnandi sem og jákvæðum hagrænum áhrifum sem koma þeirra hefur í för með sér, hafa komið upp álitamál að undanförunu sem setja spurningamerki við hvert stefnir. Þórir Garðarsson, framkvæmdastjóri sölu- og markaðssviðs Iceland Excursions – Gray Line, segir hluta ástæðunnar vera að ferðapjónustan njóti ekki sömu kjara og önnur stór- iðja á Íslandi og það vanti heildræna ferðamálastefnu frá hinu opinbera, en án aukinnar aðkomu ríkisins sé viðbúið að óreiða verði á því hvernig tekni sé á aukningu ferðamanna.



Þórir Garðarsson, framkvæmdastjóri sölu- og markaðssviðs Iceland Excursions – Gray Line.

og skapa hér mikla atvinnu,” segir Þórir.

Næstu fjögur árin er áætlað að það þurfi milljarð á ári til að sjá til þess að viðhald og uppbygging ferðamannastaða sé fullnægjandi. Stærsta vandamálið er ástand göngustíga og þarf víða að fara í kostnaðarsamar aðgerðir vegna þessa. Vegna slæmrar stöðu ríkissjóðs í dag segir Þórir ferðapjónustufyrirtæki tilbúin til að fjármagna tímabundna lausn á fjármögnunarfandanum. Það

út í þessa vinnu á kerfisbundinn hátt þarf að vera deiliskipulag fyrir hendi, annars eru þetta eilífar skammtímalausnir. Frá því að þessi umræða fór fyrst af stað hefur deiliskipulag ekki verið til staðar á fjölförnum áfangastöðum og er það til dæmis aðeins nú fyrst að klárast fyrir Gullfoss- og Geysissvæðið. En á móti þá vara ég við því að sú skipulagsvinna verði til þess að þessir viðkomustaðir verði ekki í líkingu við einhverkonar skemmtigarða, náttúran á, sem áður segir, að vera í aðalhlutverki,” segir Þórir.

Minnka mætti álagið á vinsælustu ferðamannastaðina og mæta aukningu ferðamanna með því að dreifa þeim á fleiri viðkomustaði að sögn Þóris. „Við getum auðvitað ekki stýrt ferðamönnum og sagt þeim að fara annað án þess að rökstyðja það með faglegum hætti. Ferðamenn eru almennt vel upplýstir og velja sér áfangastaði út frá þeim upplýsingum sem í boði eru og þess vegna þarf markvisst að kynna þeim nýja staði. En þá er aftur komið að fjármagni, því það er ekki hægt að ætlast

ríkisins. „Ríkið hefur gríðarlegar skatttekjur af ferðamönnum, 30–40 milljarða á ári, og má vel segja að ferðapjónustan sé stóriðja á Íslandi. Þó fær ferðapjónustan engar ívilnanir á við aðra stóriðjuaðila sem semja við ríkisvald um land, orku og annað og gera fjárfestingarsamninga upp á fleiri milljarða. Í ofanálag heyrir maður svo t.d. þingmenn tala um að ferðapjónustan sé niðurgreidd vegna þess að það sé ekki innheimtur virðisaukaskattur af tiltekinni þjónustu, en við skulum ekki gleyma því að ferðapjónustan er fyrst og fremst útflutningsgrein og fá útflutningsgreinar allan virðisaukaskatt endurgreiddan, t.d. áliðnaðurinn og stór hluti sjávarútvegsins. Þetta er kerfi sem sett hefur verið á með lögum og allt tal um annað þykir mér óábyrgt.

Ferðamenn koma ekki hingað af ástæðulausu, en það er búið að leggja mikla vinnu í að laða ferðamenn hingað. Við njótum auðvitað þeirrar gæfu að hafa hér mikla náttúruferðir, en hún ein og sér laðar ekki að ferðamenn. Það er þrotlaus vinna margra einstaklinga og fyrir-tækja sem hefur gert Ísland að aðlaðandi áfangastað og sýnt fram á samkeppnishæfi þess. Ef svo á að skattleggja allt í topp er hætt við að öll sú vinna glatist,” segir Þórir.

Viðskiptavinurinn hefur valið
Verðlagning á ferðapjónustu hefur verið mikið í þjóðfélagsmæðunni að undanförunu og óttast einhverjir að hækkandi verð hafi neikvæð áhrif á ferðapjónustuna og ímynd landsins. Þórir segir þá umræðu í undarlegum farvegi, enda sé mikið um það rætt að ferðapjónustan sé að verðleggja sig of lágt og svo þegar finnst dæmi um hátt verð á einstökum vörum eða þjónustu og þá sé það orðið of hátt. „Fyrir mér er þetta ósköp einfalt, en við eigum auðvitað að selja þjónustu okkar á því verði sem viðskiptavinir eru tilbúnir að borga fyrir. Það gerum við á ákveðnum forsendum, sem eru samkeppnisforsendur, sem sjá til þess að við verðleggjum okkur ekki

Stærsta vandamálið er ástand göngustíga og þarf víða að fara í kostnaðarsamar aðgerðir vegna þessa. Vegna slæmrar stöðu ríkissjóðs í dag segir Þórir ferðapjónustufyrirtæki tilbúin til að fjármagna tímabundna lausn á fjármögnunarfandanum.

út af markaðnum og svo að það séu til staðar viðskiptavinir sem eru tilbúnir til að borga. Viðskiptavinurinn hefur alltaf val um að sækja þjónustu sína annað,” segir Þórir.

Aukning ferðamanna á Íslandi hefur óhjákvæmilega áhrif á þjóðfélagið og segir Þórir mikilvægt að gætt sé að því að horft sé á þær breytingar með lausnarmíðum hætti. „Í fyrsta lagi hafa kannanir sýnt að samspil þjóðar við ferðamenn hefur verið með besta móti. Það hefur hins vegar borið á því að fjölmiðlar máli svartari mynd af tækja sem hefur gert Ísland að aðlaðandi áfangastað og sýnt fram á samkeppnishæfi þess. Ef svo á að skattleggja allt í topp er hætt við að öll sú vinna glatist,” segir Þórir.

» NordicHealth

Kæru Íslendingar

Árið 1981 útskrifaðist ég sem íþróttaræðingur frá McGill háskólanum í Montreal í Kanada. Síðan þá hef ég svo til engöngu unnið við heilsu-eflingu fólks, í Kanada, Svíþjóð og svo hér á Íslandi. Ég hefði þau forrétindi að kynna ýmsar nýjungar fyrir elskulegri þjóð minni og geri enn. Nú er það heilsuþætandi föstur eða það sem ég valdi að kalla Detox-meðferð Jónínu Ben. Til mín í Detox hafa hundruðir sótt bæði hér heima og í Póllandi. Fólk frá ýmsum löndum hefur skrifað vitnisburði um lækningarmátt föstunnar sem margir velja að gera að árlegum viðburði. Sumir oft á ári og gleður það mig mjög. Fastan sem ég kenni er öðruvísi en allar aðrar föstuaðferðir sem að ég hef kynnt mér. Hún byggir á kenningum pólsks læknis sem hefur áunnið sér virðingu fyrir árangur þessarar föstu. Hennar aðferðum mun ég ekki breyta en hef bætt við prógrammið ýmsum fyrirlestrum eftir því sem meira ávinnt í rannsóknunum og reynslu hvað varðar óhefðbundnar lækningar. Ég vinn náið með læknum sem veitir ykkur sem til mín leitið mikið öryggi. Ég veit að engum er hollt að fasta samhlíða fullri vinnu og því gleður það mig að bjóða fólki að dvelja með mér í 14 daga í Póllandi og svo aftur í haust á Íslandi þar sem ég er með eftirlit og ráðgjöf því meðferðin hefur áhrif á líðan fólks strax á öðrum degi. Ég þekki einkennin og lækningarmáttinn og



Jónína Ben, framkvæmdastjóri NordicHealth.

| Meðferðardagur í Póllandi 2014 |
|--------------------------------|
| 15. – 29. mars |
| 4. – 18. apríl |
| 10. – 24. maí |
| 24. maí – 7. júní |
| 13. – 28. júlí |
| 7. – 21. september |

míðla honum til fólks í meðferðinni. Líkt og óheilbriggt mataræði orsakar sjúkdóma getur hollt mataræði læknað sjúkdóma. Rannsóknir sýna að með detox-mataræði minnka bólgur og ofnæmisviðbrögð líkamans sem læknavísindin skilgreina sem orsakavald flestra lífsstílsjúkdóma nútímans. Einnig hafa detox-aðferðir aðstoðað fólk við að ná tókum á offitu, gigt, blóðþrýstingssjúkdómum og efnaskipta- og meltingarsjúkdómum. Detox-mataræði getur flýtt fyrir bata eftir heilablóðfall, hjartaáfall og krabbamein. Með bestu kveðju, Jónína Ben.

Jónína Ben, býður heilsu meðferðir á hóteli nálægt Gdansk í Póllandi, í dásamlegu umhverfi við fallegt vatn.

» Steikhusið


Matseðillinn er púsluspil

Þar sem við, sem stöndum að Steikhusinu, erum ólík og kenjót varð staðurinn máski eilítið kenjótur líka. Það gefur okkur sérstöðu sem hefur verið vel tekið,” segir Tómas Kristjánsson, framkvæmdastjóri og einn eigenda Steikhusins við Tryggvagötu.

„Steikhusið er staður til að fara á þegar gera á virkilega vel við sig og því leggjum við mikið upp úr öllum tegundum rétta, líka forrétta“
Meðal forrétta á Steikhusinu má nefna nauta-carpaccio, þekannhnetu- og parmesan-hjúpuð grísaríf, skelfiskssalat, humarkúlur, grafna hrefnu og vorrúllu með léttreyktum svartfugli. Þegar kemur að aðalrétti geta gestir púslað saman öllu sínu uppáhaldi, byrja á að velja sér tegund steikar og hvernig hún skal elduð og svo með henni það meðlæti sem þeir vilja. Ef valið snýst um kartöflur, þá er hægt að fá þrjústeikt- ar franskar, sætkartöflufranskar, bakaða kartöflu eða kartöflugratin og það eru bara kartöflurnar; svo er allt hitt eftir.



Tómas Kristjánsson, framkvæmdastjóri og einn eigenda Steikhusins.



Steikurnar eru ófáar og ólíkar og geta því allir fundið eitthvað við sitt hæfi en sérstaklega er mælt með kjöti sem er meyrnt og meðhöndlað í minnst 28 daga eftir forskrift Steikhusins. Svo má ekki gleyma þeim sem ekki eru fyrir kjötið og þá



sína en þó eru sumarveislurnar okkar alltaf feykivinsælar. Þar er um að ræða tvenns konar þríréttaðar veislur: forrétir eru þrjár, svo er val um fisk eða kjöt í aðalrétti og loks gómsætur eftirréttur til að tryggja að enginn fari frá okkur öðruvísi en

Sérstaklega er mælt með kjöti sem er meyrnt og meðhöndlað í minnst 28 daga eftir forskrift Steikhusins.

á blístri og það án þess að leggja út stórar upphæðir. Samsettu veislurnar eru fullhlaðnar án þess að verði beri þess merki. Svo er gaman að sjá hve margir eru ævintýrjagrnir og smakka á bæði hvalnum og hrossinu sem ekki er að sjá á matseðlum í öllum löndum.“

Það má ekki gleyma ungvíðinu en á Steikhusinu er einnig barnamatseðill. Steikhusið er mikill fjölskyldustaður og þá kemur sér vel að boðið er upp á ódýra rétti sem höfða til þeirra yngstu.

„Sérstáða okkar liggur að nokkru leyti í kolaofninum og þá ekki hvað síst þeirri tegund viðarkola sem við notum en kolaofninn gefur einmitt sérstakt bragð sem markast þó nokkuð af þeirri tegund kola sem notuð er. Það var hluti af þróuninni að prófa ótal tegundir þangað til við fundum þá einu réttu.“

» Rafn Sig., islandsmyndir.is

Ísland er kennslustofan

Myndavélin gefur því, sem fyrir augu ber, gjarnan nýja sýn og segir Rafn Ríg, ljósmyndari, sem gerir út ferðabjónustufyrirtækið sllandsmyndir.is., að ljósmyndun sé lykillinn að því að Íslendingar kynnist landi sínu betur. „Það er í raun furðulegt hversu margir Íslendingar þekkja landið sitt lítið og hef ég þess vegna verið að bjóða upp á kennslu og bjónustu í ljósmyndun á Íslandi,“ segir Rafn. Islandsmyndir.is bjóða upp á tvenns konar ferðir, annars vegar ljósmyndaferðir þar sem Rafn nýtir áratuga reynslu og þekkingu til að finna kjörskilyrði og staði fyrir áhugafólk um ljósmyndun og svo ljósmyndaferðir þar sem itarleg kennsla fer fram í náttúru Íslands, bæði fyrir byrjendur og lengra komna.



© Rafn Sig.

Kennslustofan kvödd

„Ég hef enga trú á því að það gagnist nokkrum að ég standi upp við töflu í kennslustofu og segi fólk hvað takkarnir á myndavélunum geri, ég

” Birtan á Íslandi er einfaldlega stórkostleg. Það að mæta í myrkri og taka á móti dagrenningunni í íslenskri náttúru eða horfa á sólarlagið er engu líkt.“

- Rafn Sigurbjörnsson, islandsmyndir.is

kýs miklu frekar að líta á Ísland sem kennslustofuna. Fólk verður að fá að kynna myndavélunum sínum úti í náttúrunni. Hlutverk mitt er svo að hjálpa til við að finna hvernig er best að nota búnaðinn og við hvaða aðstæður,“ segir Rafn. Rafn segir að ástríðan fyrir ljósmyndun og náttúru Íslands haldist þannig hönd í hönd og að ástríðan fyrir ljósmyndun hafi í gegn um árin farið með hann á staði sem margir Íslendingar þekki alls ekki. Ferðir Islandsmynda.is byggja þannig á gríðarlegri reynslu sem byrjendur og lengra komnir geta notið góðs af, að sögn Rafns.

Ljósíð heillar

Náttúruundir Íslands eru vel þekkt, en Rafn segir Ísland ekki aðeins teljast sem perla ljósmyndara eingöngu þeirra vegna, heldur einnig vegna ljóssins og samspils þess við náttúruna. „Birtan á Íslandi er einfaldlega stórkostleg. Það að mæta í myrkri og taka á móti dagrenningunni í íslenskri náttúru eða horfa á sólarlagið er engu líkt. Ísland er þannig að það er sama hversu mörgum sinnum þú kemur á sama staðinn, myndefnið verður aldrei eins. Það þýðir þó að vel þarf að skipuleggja myndatökur í íslenskri náttúru. Það þarf að tímasetja slíkar

tökur vel og velja réttu staðina út frá veðri, birtu og öðrum aðstæðum,“ segir Rafn. Veturna, segir Rafn, ekki síður vera paradís ljósmyndara en sumrin. „Á veturna er sólin lægra á lofti sem skapar margbrotnari skuggamyndir og eins eru andstæðurnar í náttúrunni jafnvel enn meiri þegar ís og snjór eru komin inn í myndina. Svo eru Norðurljósirnir auðvitað sér kaffi út af fyrir sig og draumur margra áhugaljósmyndara að ná góðri mynd af þeim, en það er ekki auðsött. Það er ekkert nóg að beina myndavélinni út í loftið og smella af og er það mér ávallt mikil ánægja að liðsinna fólk með það,“ segir Rafn.

Litlir hópar skila mestu

Rafn segist vilja hafa vinnustofurnar þannig að viðskiptavinir fái sem mesta athygli og alúð og þess vegna séu hóparnir litlir, helst ekki fleiri en þrjár nemendur hverju sinni. Í ljósmyndaferðunum séu hóparnir hins vegar allt að níu, enda séu þær af allt öðrum toga. Ferðirnar eru ýmist í formi dagsferða eða lengri ferða, allt eftir þörfum hópsins.

www.kestockphotos.com

-VAG

» Veitingahúsið Fönix

Kínverskar kræsingar eldaðar frá grunni

Hjónin Símon Xianqing Quan og Wenli Wang fluttu til Íslands frá Anhui-héraði í Kína fyrir 14 árum síðan ásamt sex ára syni sínum, Aroni Wei Quan. Hjónin unnu um árabíl á veitingastöðum í Reykjavík en dreyndi um að opna eigið veitingahús. Það gerðu þau árið 2012 og vinnur öll fjölskyldan nú í veitingahúsinu Fönix. Þar er boðið upp á kínverskar kræsingar sem eldaðar eru frá grunni hvort sem um er að ræða kjötrétti, fiskrétti, sósur, dumplings sem eru kínverskar deigibollar eða pekingönd, sem er elduð frá grunni. „Við erum alltaf með besta mögulega hráefnið,“ segir Aron, sem er framkvæmdastjóri fyrirtækisins. „og er hver einasti réttur eldaður sérstaklega. Segja má að veitingastaðurinn sé falin perla.“

Margir, sem fara saman út að borða, kjósa að panta nokkra mismunandi rétti og svo er smakkað á



Simon Xianqing Quan, kokkur og eigandi.



Simon Xianqing Quan, kokkur og eigandi.

öllum réttunum eins og Aron segir að gert sé í Kína. Fönix er t.d. með fjölskyldutilboð auk margs konar tilboda á kvöldin.

Úrval rétta á matseðlinum er fjölbreytt; kjötréttir, grænmetisréttir, hrísgrjónaréttir, núðlu-réttir og súpur. Sérstakir réttir eru hugsaðir fyrir yngstu kynslóðina. Hrísgjón fylgja með öllum réttum.

Hver og einn velur hvort hann vilji að millt eða sterkt bragð einkenni réttinn.

„Við getum boðið alla kínverska rétti sem hægt er að hugsa sér ef fólk er t.d.

Margir, sem fara saman út að borða, kjósa að panta nokkra mismunandi rétti og svo er smakkað á öllum réttunum líkt og hefð er fyrir í Kína.

með séróskir og vill smakka eitthvað ekta kínverskt. Möguleikarnir eru óteljandi.“

Boðið er upp á hlaðborð í hádegina. Á kvöldin gefst gestum staðarins

” Við getum boðið alla kínverska rétti sem hægt er að hugsa sér ef fólk er t.d. með séróskir og vill smakka eitthvað ekta kínverskt. Möguleikarnir eru óteljandi.“

- Aron Wei Quan, framkvæmdastjóri Fönix



Wenli Wang, annar eigandi og stofnandi Fönix.

kostur á að velja á milli hinna ýmsu rétta á matseðlinum.

Viðskiptavinir geta auk þess sótt matinn og borðað heima eða annars staðar og er hægt að panta í gegnum síma og á netinu ef fólk vill taka matinn með sér. Þá er heimsendingarþjónusta á döfinni.

Einnig er um veisluþjónustu að ræða sem færast sífellt í aukana og skiptir þá engu máli hvort um sé að

ræða fyrir tvo einstaklinga eða fjölmennan hóp svo sem ef tilefnið er t.d. brúkaup eða afmæli. „Við erum ekki með fasta rétti eða fast verð hvað veisluþjónustuna varðar; fólk getur komið með hugmyndir að réttum og verðhugmyndir og við segjum hvaða rétti við getum boðið fyrir það verð.“

www.fonixveitingahus.is

-SJ

» Kjallarinn

Leika sér með hráefnið

Kjallarinn er hlýlegur veitingastaður í miðbæ Reykjavíkur þar sem leikgleðin í eldhúsinu skilar sér á diskana.

„Við sækjum hráefni og hugmyndir hringinn í kringum hnöttinn og erum opin fyrir því að prófa allt, þó ekki endi það allt á seðlinum. Það þarf að velja og hafna. Markmiðið er að prófa, fíkta, prófa og uppgötva og á það bæði við um matinn og svo þörun kokteila sem er eitthvað sem við leggjum mikið upp úr,“ segir Eyjólfur Gestur Ingólfsson sem stjórnar eldhúsi Kjallarans. Í Kjallarinum má sjá



Eyjólfur Gestur Ingólfsson.

” Börnum er bannað að leika sér með matinn en ég tek engu tali og held áfram að gera tilraunir.“

- Eyjólfur Gestur Ingólfsson sem stjórnar eldhúsi Kjallarans

margt kunnuglegt sem framsett er á framandi máta.

„Við erum stöðugt leitandi, ekki hvað síst að nýjum leiðum til að poppa upp það hefðbundna, ekki bara með því að leita uppi framandi krydd og samsetningar heldur einnig með eldunartækjum. Aðalréttum er skipt í tvennt á matseðli eftir


eldunaraðferðum, annars vegar er viðarkolaofn sem gefur visst bragð sem ekki næst með öðrum hætti, en sama má segja um hina aðferðina, frónsku plötuna sem kallar fram áferð og eldun sem er einstaklega skemmtileg fyrir auga jafnt sem bragðlauka.“

Á matseðlinum er fimm rétta rússíbanareid fyrir bragðlaukana



Eyjólfur Gestur Ingólfsson.

sem m.a. inniheldur rækjunjola með sitrónukremi, gratineraðan skötusel, sushi pizza, léttreyktan svartfugl, misomarineraða bleikju, bláblöngu, grillaða nautalund og eggaldinböku.



„Börnum er bannað að leika sér með matinn en ég tek engu tali og held áfram að gera tilraunir, ekki hvað síst þegar þeim er þetta vel tekið, til dæmis vinnunni sem við lögðum í að para saman rétti og kokteila. Það hefur gefið góða raun og kallar fram alveg sérstaka stemmingu. Sumir eru hræddir við að prófa en það er óhætt að sötra hanastél með matnum, ekki hvað síst þegar skyldleiki er milli drykks og réttar. Kryddjurtir eins og engifer og chili í kokteillum kallast á við matinn.“

Umgjörðin utan um tilraunir Eyjólfss og féлага er hlýlegur kjallari hvar hlaðnir steinveggir, auk upprunalegs steingólfs, kallast á við nýstárlega lýsingu og innréttingar. Andstæður, sem líkt og í matargerð, kalla fram samstæða heild. Rýmið skiptist í tvennt, fremri og innri sal, og þrátt fyrir góða yfirsn sjá skilrúm til þess að gestir geti verið út af fyrir sig og laus við klíð.

www.kjallarinn.is

-SJ



Með Útivist út í náttúruna

www.utivist.is

Fjölbreyttar ferðir bíða þín

- Gönguferðir
- Hjólaferðir
- Jeppaferðir
- Ljósmyndaferðir
- Langar ferðir
- Stuttar ferðir
- Jöklaferðir
- Eldstöðvaferðir
- Bækistöðvaferðir
- Fjallaferðir
- Fjöruferðir
- Fuglaskoðunarferðir





» Bærinn í hrauninu

Hafnarfjarðarbær

Ferðamaðurinn getur haft nóg að gera í Hafnarfirði þar sem sagan segir að álfar eigi margir hverjir bústaði. Bárújarnshúsin í gamla bænum heilla margan manninn og leggur bærinn áherslu á að varðveita þessar gömlu götumyndir. Austurgatan er ein af þeim götum sem eru svólítið ævintýralegar - þar eiga húsin sér marga söguna. Oft hefur verið talað um þá sérstöku bæjarsál sem einkennir sjávarþorp á Íslandi og þótt Hafnarfjörður sé þriðja stærsta sveitarfélag landsins hefur tekist að varðveita, að hluta, þessa bæjarsál. Hafnarfirðingar eru stoltir af bænum sínum og vilja að sjálfsgöðu fá til sín

sem flesta gesti til að njóta alls þess sem bærinn hefur upp á að bjóða.

Fritt í söfnin

Bærinn státar af söfnum sem eru í eigu bæjarins og er fritt inn á þau. Fyrst skal nefna Hafnarborg, menningar- og listamiðstöð Hafnarfjarðar, þar sem settar eru reglulega upp listsýningar. Þar eru einnig haldnir margbreytilegir tónleikar og eru hádegistónleikarnir sem boðið er upp á einu sinni í mánuði yfir vetrartímann víðfrægir. Í Hafnarborg er ávallt mikið um að vera enda einn aðal-samkomustaður Hafnarfjarðar. Þar er nú veitingastaðurinn Gló. Tilvalið

er að leggja leið sína í Hafnarborg, skoða sýningarnar og fá sér svo í svanginn.

Byggðasafnið er í nokkrum húsum í bænum og þar er sögunni gerð góð skil en sex ár eru síðan Hafnarfjarðarbær fagnaði 100 ára afmæli sínu.

Þrjár sýningar eru í Pakkhúsinu; í fyrsta lagi er það fastasýning um sögu bæjarins, leikfangasýning og þemasýning. Saga bæjarins og nágreinis frá landnámi til dagsins í dag er rakin á sýningunni „Þannig var...“ og eru sagnfræðilegir textar, ljósmyndir, teikningar, kvikmyndir og ýmsir munir notaðir til að gera sýninguna ítarlega. Hvað leikfangasýninguna varðar þá má nefna að hún sem byggði húsið árið 1902. Dóttir hans hét Sigríður en hún flutti í húsið þegar hún var 10 ára og bjó þar þar til hún flutti á elli- og hjúkrunarheimili.

Þá er Kvikmyndasafn Íslands einnig staðsett í bænum. Fyrir utan söfnin er heimikið um að vera í Hafnarfirði, Gaflaraleikhúsið er með reglulegar sýningar auk þess sem menningar- og listafélag Hafnarfjarðar stendstofu bræðranna Harry og Douglas Bookles sem bjuggu í húsinu. Gestir geta svo skoðað Góðtemplarahúsið sem er kallað Gúttó sem var fyrsta eiginlega samkomuhús Hafnarfirðinga og lengi vel menningarmiðstöð í bænum. Svo er það Beggubúð sem er verslunarminjasafn byggðasafnsins.

Sívartenshús varpar ljósi á hvernig yfirstéttar fjölskylda bjó í byrjun 19. aldar auk þess sem gestir geta



fræðst um sögu Bjarna Sívertsen og fjölskyldu hans en Bjarni rak útgerð, verslun og skipasmíðastöð í bænum. Húsið er elsta húsið í bænum en það var byggt á árunum 1803-1805.

Siggubær er sýnishorn af heimili verkamanns og sjómanns í bænum frá fyrri hluta 20. aldar en það var Erlendur Marteinsson sjómaður sem byggði húsið árið 1902. Dóttir hans hét Sigríður en hún flutti í húsið þegar hún var 10 ára og bjó þar þar til hún flutti á elli- og hjúkrunarheimili.

Þá er Kvikmyndasafn Íslands einnig staðsett í bænum. Fyrir utan söfnin er heimikið um að vera í Hafnarfirði, Gaflaraleikhúsið er með reglulegar sýningar auk þess sem menningar- og listafélag Hafnarfjarðar stendstofu bræðranna Harry og Douglas Bookles sem bjuggu í húsinu. Gestir geta svo skoðað Góðtemplarahúsið sem er kallað Gúttó sem var fyrsta eiginlega samkomuhús Hafnarfirðinga og lengi vel menningarmiðstöð í bænum. Svo er það Beggubúð sem er verslunarminjasafn byggðasafnsins.

Álfarnir í bænum

Hellisgerði er skróúgarður í Hafnarfirði þar sem bæði bæjarbúar og aðrir njóta fallega blóma og trjáa. Það er aldrei að vita nema þar leynist einhverjir



www.hafnarfjordur.is -SJ



Alvöru sérvörslun

Gönguferðir, fjallgöngur, hjólreiðar og önnur útivera Við erum með réttu græjurnar!



Kringlan 7 | Laugavegur 11 | Reykjavíkurvegur 64 | S: 510 9505 | fjallakofinn.is



» Ferðafélag Íslands

Ferðafélag Íslands í fararbroddi í 90 ár

Ferðafélag Íslands var stofnað 1927 og hefur það markmið að byggja upp aðstöðu fyrir ferðamenn á hálendinu og í öbygðum og greiða götu ferðamanna á landinu. Þá gefur FÍ út bækur og kort og stendur fyrir fjölbreyttum ferðum um landið. Félagið á 40 skála og undir merkjum félagsins starfa 15 deildir út um allt land. Ferðafélagið er í eðli sínu íhaldssamt og rótgróið og heldur fast á gömul og góð gildi. Um leið hefur það þó þróast í takt við tímann. Til dæmis var Ferðafélag barnanna stofnað fyrir nokkrum árum en það sérhæfir sig í ferðum fyrir börn og fjölskyldur og hefur fengið afar góðar móttökur. Þá hefur félagið verið í fararbroddi í ferðamennsku og byggt upp skála, gönguleiðir, göngubrýr og staðið fyrir fræðslu. Markmið félagsins eru í dag enn þau sömu og í upphafi, að greiða götu ferðamanna, byggja upp aðstöðu sem og standa fyrir ferðum, útgáfu og fræðslu. Stór þáttur í útgáfustarfi félagsins er útgáfa Árbókar Ferðafélagsins sem hefur komið út óslitið í 85 ár og er einstök ritröð um náttúru landsins.

Mikill fjöldi ferðamanna

Páll Guðmundsson framkvæmdastjóri Ferðafélags Íslands segir að fjöldi ferðamanna hafi aukist jafnt og þétt á Íslandi undanfarnin ár en aldrei eins og á árunum 2012 og 2013. Nú sé einfaldlega sprenging í ferðamannafjölda á Íslandi, það séu bæði bókanir hjá ferðaskrifstofum og frá fólki á eigin vegum. „Ísland er greinilega mjög vinsælt staður að sækja heim og eins hefur ferðum landsmanna innanlands fjölgað“ segir Páll. „Það þurfa allir sem koma að ferðamáli, hvort sem það er sveitafélag eða hið opinbera, ferðaskrifstofur, ferðafélag eða landeigendur að koma saman og ræða skynsamlegustu leiðina að settu

marki. Við verðum að hugsa um náttúruna og aðstöðuna sem við bjóðum upp á og þurfum að vera viss um að ráða við þann fjölda ferðamanna sem um landið fer.“

Fullbókað á Laugaveginum
Fullbókað er í skála FÍ á Laugaveginum yfir háannatímann. Ferðafélagið hefur í áratugi unnið við að byggja upp aðstöðu víða um land, ekki síst á gönguleiðinni frá Landmannalaugum yfir í Þórsmyrk, á svokölluðu Laugavegi. Nú ganga 120-140 manns þessa leið á hverjum einasta degi frá miðjum júní, allan júlí og fram í miðjan ágúst. Allt að 70% þeirra eru útlendingar að sögn Páls. Margir þeirra bóka sig hjá ferðaskrifstofum en sumir koma á eigin vegum. Umferð þess hóps hefur aukist gríðarlega mikið á undanföllum árum að sögn Páls.

Ferðafélagið á sex skála á Laugaveginum. Árið 2012 var Laugavegurinn tilnefndur sem ein af 10 bestu

Árið 2012 var Laugavegurinn tilnefndur sem ein af 10 bestu gönguleiðum í heiminum af National Geographic.

gönguleiðum í heiminum af National Geographic. Segir Páll það hafi verið mikla viðurkenningu fyrir starf FÍ. Gönguleiðin og skálasvæðið voru tekni út og svo tilnefnd í kjölfarið á þeirri eigin vegum. „Ísland er greinilega mjög vinsælt staður að sækja heim og eins hefur ferðum landsmanna innanlands fjölgað“ segir Páll. „Það þurfa allir sem koma að ferðamáli, hvort sem það er sveitafélag eða hið opinbera, ferðaskrifstofur, ferðafélag eða landeigendur að koma saman og ræða skynsamlegustu leiðina að settu

lagfærð og þróðu en því miður hefur sveitarfélagið ekki átt peninga í skipulagsmál. En það stendur vonandi til bóta. Páll telur að umræðan um Landmannalaugar hafi sumpart verið neikvæð og að mörgu leyti röng. Einhverjir tala um 200 þúsund manns í Laugum þegar hið rétta er 70.000 yfir fjóra mánuði eða á milli 500 og 1.000 manns á dag. Þar af stoppa flestir aðeins í 2-4 tíma. Það þarf að ráðast í miklu umfangsmeiri rannsóknir en við höfum áður séð, ekki síst á náttúru og gróðurferi. Á meðan við klárum ekki alvöru rannsóknir verður allt tal um þömlök bara huglægt mat. „Aðstaðan eins og hún er í dag er mjög gott verkfæri til að stýra umferðinni“ segir Páll. „Það komast bara ekki fleiri í skálapláss á Laugaveginum miðað við aðstöðu og nú er gott tækifæri til að beina fólki annað.“ Páll segir að það séu mjög margar aðrar skálaleiðir sem skemmtilegt sé að ganga og þangað þurfi einfaldlega að beina ferða-



eins og okkur að innleiða,“ segir hann. „Við höfum til dæmis unnið að því að gera áhættumat fyrir allar okkar gönguleiðir. Við ætlum síðan að bjóða öllum í ferðabjónustunni að nýta þessa vinnu okkar. Skálareksturinn á gönguleiðunum er nú orðinn mikill til sjálfbær með umhverfisvænum aðferðum, t.d. með sólarcellum.“

52 fjallaverkefnið, Biggest winner og Bakskóli Ferðafélagsins

Segja má að Ferðafélagið sé sannarlega nútímalegt ferðafélag. Það er ekki einungis fyrir fullfríska klettaklifrara heldur hefur félagið verið í samstarfi við Reykjalund og Háskóla Íslands með gönguferðir fyrir þá sem eiga erfitt um gang af einhverjum orsökum. Það getur verið vegna líkamlegra anmarka eins og offitu eða andlegra anmarka eins og þunglyndis o.s.frv. Rannsóknir sem voru gerðar meðal þátttakenda þessara ferða segir Páll að hafi komið mjög ánægjulega út. Rannsóknir hafa margsýnt að gönguferðir eru mjög hollar bæði fyrir líkama og sál og sumir segja þær allra meina bót. „Við erum nú að auka samstarfið við heilbrigðisyrivöld og

» Reykjanes

Einstakt náttúrufrýrbæri á heimsvísu

Það er af nógu að taka á Reykjanesi sem er í rauninni einstakt náttúrufrýrbæri á heimsvísu,“ segir Þuríður Halldóra Aradóttir, verkefnastjóri Markaðsstofu Reykjanes. „Atlantshafshryggurinn kemur á land á Reykjanesi en áhrif flekaskilanna eru sýnileg hvort sem það er á sjó eða landi.“ Nefna má Brú á milli heimsálfa sem er táknað göngubrú yfir gjá sem myndast hefur vegna hreyfingar meginlandsflekanna, Evrasíu- og Norður-Ameríkuflökanna.

„Svo get ég líka nefnt hraun og jarðhita. Svæðið er kjörð fyrir úti-vistarfólk sem hefur gaman af því að uppgötva nýja og fallega staði. Vinsælustu staðirnir eru Gunnuhver, Garðskagi, Reykjanes og einmitt Brú á milli heimsálfa. Svo get ég nefnt Brimketil í Grindavík, sem er laug í sjávarborðinu, og ýmsa staði sem fuglaáhugamenn eru spennir fyrir eins og Krísvíkurbjarg og tjarnirnar við Sandgerði.“

Þuríður Halldóra segir að hvert sveitarfélag á svæðinu hafi skapað sér ákveðinn sess hvað varðar ferðabjónustu.

Í Víkingaheimum í Reykjanesbæ má sjá víkingaskipið Íslending sem er þar til sýnis en fyrirmyndin er víkingaskip frá 9. öld. Ferðamenn geta svo kynnt sér tónlistararf Íslendinga í Rokksafni Íslands í Hljómahöllinni.

Tröllskessa ein stór og mikil situr í hellinum sínum í Reykjanesbæ og er



Mölvík.



Brimkallar.

vinsælt á meðal barna að koma þangað með snuðið sem þau eru hætt að nota.

„Það er öflugt útgerðar fyrirtæki í Grindavík og þar er hægt að fylgjast með hvernig fiskurinn er unninn. Þá eru flottar sýningar í Kvikunni hvað varðar söguna, vinnslu á saltfisknum og eins náttúruna. Þess má geta að veitingastaðir á svæðinu eru farnir að sérhæfa sig í sjávarafurðum.“

Nokkrar sýningar eru í auðlinda- og menningarhúsinu Kvikunni svo sem sýningar með áherslu á saltfisk og jarðorku auk þess sem Guðbergsstofa er þar til húsa en hún er tileinkuð lífi og störfum Guðbergs Bergssonar, rithöfundar og heiðursborgara Grindavíkur.

Í Þekkingarsetrinu í Sandgerði er náttúrugripasýning sem og sýning á rannsóknum sem hefur verið unnið

Viðburðir framundan

Ágúst
14. - 17. ágúst
Fjölskyldudagar í Vogum
27. - 31. ágúst
Sandgerðisdagar

September
4. - 7. september
Ljósanótt í Reykjanesbæ



Karlinn, Reykjanesbæ.

þar að síðustu 30 árin hvað varðar t.d. líffræði sjávar.

Ferðamenn geta víða upplifað kyrrð og fallegt útsýni á svæðinu svo sem á Garðskaga og Vatnsleysuströnd - hægt er í björtu veðri að sjá Snæfellsjökul og fjallgarðinn á Vesturlandi. „Það þarf ekki að leita langt til að komast í einstaka kyrrð.“

Þuríður leggur áherslu á að tilvalið sé fyrir fjölskyldufólk að ferðast um



» Sveitarfélagið Garður

Byggðasafn og vitar tveir

Sveitarfélagið Garður er á nyrsta odda Reykjanessskagans og eru elstu heimildir um Garðinn eða Reykjanes að finna í Landnámu. Nafnið - Garðurinn - tengist fornum grjóthlöðnum garði frá Útskálum í Garði að Kirkjubólí í Sandgerði. Talið er að þessi garður tengist akuryrkju á þeim tíma.

Í Byggðasafninu í Garði eru til sýnis ýmsir áhugaverðir hlutir sem tengjast sögu sjávarútvegs og byggðar í

Garðinum í gegnum tíðina. Nefna má t.d. gamlar bátavélur úr smábátum sem eru gangfærar auk þess sem þar er safn affjarskiptabúnaði úr skipum, skipslíkön, húsbúnaður og eldhúshöld frá fyrri tímum. Safnið er opið daglega frá 1. apríl og fram í október og er aðgangseyrir aðeins 500 krónur. Veitingahús er á annarri hæð hússins og af svölum og úr stórum gluggum, sem snúa út að sjónum, má stundum sjá hvali leika listir sínar.

Tveir vitar eru á Garðskaga. Annars vegar er það gamli vitinn á Garðskagatá sem var byggður 1897 og er ekki lengur í notkun. Gamli vitinn er formafur og fallegur og er tákni í bæjarmerki Garðs. Hins vegar er það nýrri viti sem var byggður 1944 og stendur á flötinni gegnt byggðasafninu og gamla vitavardarhúsinu á Garðskaga. Efst úr vitanum er mikil og fagur útsýni í allar áttir. Þeir sem kjósa að gista í tjaldi geta tjaldað



á tjaldstæði á Garðskaga þar sem margir leggja húsbílum, hjólhýsum og fellihýsum og njóta þess að dvelja á staðnum. Þar er góð, gjaldfrjáls aðstaða með lágmarksbjónustu en greiða þarf fyrir notkun á rafmagni. Verið er að byggja upp nýtt tjaldstæði við íþróttamiðstöðina í Garðinum sem tekið var í gagna síðasta sumar.

Ferðamaðurinn ætti að geta fundið ýmislegt við sitt hæfi á þessum nyrsta odda Reykjanessskagans. Golfvöllurinn í Leiru er innan sveitarfélagsins Garðs þar sem Golfklúbbur Suðurnesja rekur þar 18 holu golfvöll. Náttúran er fögur

og fuglalífið er fjölbreytt. Þarna getur fuglaáhugamaðurinn virt fyrir sér ýmsar sjöfuglategundir auk þess sem möguga er að finna á svæðinu út með ströndinni. Gönguleiðir eru fjölbreyttar og svo styttest í að krækiberin og bláberin skjóti upp kollinum berjatínsluáhugafólki til mikillar ánægju. Sundlaugin í Garði laðar til sín margan manninn og svo má nefna skráðgarðinn Bræðraborg við Garðbraut sem ungrir og aldnir hafa haft ánægju af í gegnum árin.



Kirkjufellsfoss

| Viðburðir framundan | |
|---------------------|---|
| Júlí | 25.-27. júlí Reykholts hátíð |
| | 25.-27. júlí Bæjarhátíðin „Á góðri stundu“ í Grundarfirði |
| | 27. júlí Sturla Þórðarson sagnaritari 800 ára - Hátíð í Tjarnarlundi |
| Ágúst | 10. ágúst Ólafsdals hátíð í Dölunum |
| | 15.-17. ágúst Danskir dagar í Stykkishólmi |
| | 30. ágúst Hvalfjarðardagurinn - fjölbreytt fjölskylduskemmtun í Hvalfirði |
| September | 11. september Fjölskyldutónleikar í Akraneskirku |
| | 24. september Tónleikar í Akraneskirku: Óskar Guðjónsson saxófónleikari og Skúli Sverrisson bassaleikari |

» Vesturland

Náttúran og sagan

Litja má Vesturlandi við ævin- týraheim þar sem allir finna sér eitthvað við hæfi. Af nægu er að taka og mun Kristján Guðmundsson hjá Markaðsstofu Vesturlands leiða okkur um svæðið. Ferðalagið hefst á Akranesi en þar eru tveir vitar og er annar þeirra opin frá 13-16. Þeir sem gaman hafa af göngu ættu að skella sér upp á Akrafjall.

sveitmarkaður í Borgarnesi sem kallast Ljómalind. „Ég kemst ekki hjá því að segja frá Hvanneyri, heimabæ mínum, en þar eru tvö skemmtileg söfn, Landbúnaðarsafn Íslands og Úllarselið. Svo er þar skemmtilegt kaffihús í elsta húsi bæjarins“, segir Kristján.

Deildartunguhver, vatnsmesti hver í Evrópu, er í Reykholtssdal.

Deildartunguhver, vatnsmesti hver í Evrópu, er í Reykholtssdal og alltaf er sýningu um landnámið og Egilssögu. Sýning um „nú heima goðafraðinnar“ er í Edduveröld. Þá er skemmtilegur

það er að skoða listaverkin hans Páls eða skella sér í sund. Einnig er hægt að fara í hellaskoðun í helinum Viðgelmi. Geitfjársetur Íslands er á Háafelli í Hvítársíðu. Þar er hægt að fadma geitur og kaupa geitaaufur. Svo er svæðið í kringum Bifröst skemmtilegt til útivistar, m.a. er hægt að ganga upp á Grábrók, að fossinum Glanna og að Paradísarlaut. Á leiðinni út á Snæfellsnes er gaman að koma við á Eldborg, í Gerðubergi og í Ölkeldu. Í fjörinni við Ytri-Tungu liggja oft sefir sem gaman er að heilsa upp á.

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull er heill heimur út af fyrir sig sem all- ir ættu kynna sér. Þar er meðal annars Vatnshellir sem hægt er að fara í allt árið með leiðsögn. Frystiklefnn er Leikhús sem staðsett er á Rífi en þar ræður Kári Viðarsson ríkjum og flytur þar sögu Bárðar Snæfellsáss. „Nauðsynlegt er að ná mynd af Kirkjufelli við Grundarfjörð, mest myndaða fjalli landsins.“ Á Snæfellsnesi er gaman að fara í siglingu með t.d. Láki Tours, Sæferðum eða Iceland Ocean Tours. Í



Guðrúnarlauk í Dölum.

þessum ferðum kynnist fólk náttúru og sögu Breiðafjarðar á einstakan hátt. Stykkishólmur er einn fallegasti bær landsins. Þar eru m.a. þrjú skemmtileg söfn. Norska húsið, Vatnasafnið og Eldfjallasafnið.

Rjómabúðir Erpsstaðir er í Dölunum þar sem má kaupa skyrkonfekt og ís

www.vesturland.is -SJ



Leiðin að Glym.



Hölmurinn.



» Geirabakari

Walter Mitty borðaði í Geirabakarí í dulargervi

Vegfarendur sem leggja leið sína vestur á land, geta auðveldlega séð Geirabakarí frá Borgarfjarðarbrúnni. Í vikmyndinni „The Secret Life of Walter Mitty“ upplifði aðalpersónan, Walter, bakaríð aðeins sem pizzastaðinn Papa John's og gerði sér ekki grein fyrir því íslenska ljúfmeti sem biður viðskiptavina staðarins dags daglega. Hvað var hann að hugsa? Geiri, eigandi bakarísins, er vinalegur maður og stoltur af því sem hann kann best, sem er að baka brauð og sætabrauð af öllum gerðum. Eftirlæti hans er ástarungur og hinir



sívinsælu snúðar. Honum finnst best að setja þykkt lag af súkkulaðiglassúr á snúðinn og drekka með honum stórt glas af ískaldri mjólk. Máltíðina er hægt að fullkomna með því að njóta hennar í þægilegum sætum við vönduð viðarborð kaffihússins. Útsýnið er svo mikilfenglegt að það væri næstum hægt að rukka viðskiptavini um aðgangseyri bara vegna þess! Út um glugga bakarísins má fylgjast með sjávarfallinu og litríku fuglalífni í fjörinni. Staersta brú landsins, Borgarfjarðarbrú, setur einnig myndarlegan svip á umhverfið. Fyrir aftan brúna sést tignarlegur



fjallgarður og í fjarlægð glittir í Eiríksjökul og Langjökul. Geirabakarí er hinn fullkomni staður til þess að stoppa og fá sér snæðing, á ferðalaginu um hringveginn.

-EMV

» Blómabúð með sál

Blómalindin í Búðardal

Á leið vestur á firði, við botn Hvammsfjarðar í Dölum, leynist þorpið Búðardalur eins og margir vita. Það sem færri hafa vitneskju um, er að í Búðardal er boðið upp á einn besta kaffisopla landsins og þó viðar væri leitað. Blóma og gjafavörverslunin Blómalindin, sem hefur verið starfrækt í tíu ár og er þekkt fyrir faglega þjónustu, opnaði nýverið kaffihús í gamla bakaríinu við Vesturgötu 12a. Kaffihúsið er rekið samhliða versluninni og hefur síðan í júníþryjun glatt gesti sína með fyrirtaks veitingum.

Með kjótið beint frá býli, grænmetið úr gróðurhúsinu og sjávarfang hafsins komast súpur dagsins án efa á heimsælakvarða.

Súpa dagsins í Blómalindinni mælist án efa á heimsælakvarða þar sem einungis er notast við hráefni úr nánasta umhverfi, m.a. úr Dölunum, Borgarfirði og Reykhólum. Kjótið kemur beint frá býli, grænmetið úr gróðurhúsinu og sjávarfang hafsins frá höfninni. Allt brauð er bakað í kaffihúsinu og er tómato- og rúsínubrauðið eitt það alvinsælasta, borð fram með dyrdínum sjávarréttasúpu sem er ekki amalegt að gæða sér á, í rigningsuddanum í sumar.



Þegar kemur að kaffisopanam fræga þá eru kaffibaunirnar malaðar á staðnum svo ilmurinn kítar bragðlaukana jafnvel áður en fyrsti sopin er tekin. Boðið er upp á allt frá svörtu kaffi til cappuccino og hægt er að taka kaffið með. Bakkelsið er auðvitað eitthvað sem slær í gegn, vöfflur úr súkkulaðideigi gleðja gesti, muffins og croissant við kertaljos – það er ekkert minna! Blómalindin er opin alla daga á milli klukkunnar 11 og 20 en þar er einnig að finna þráðlaust

-SP



Látrabjarg.

» Vestfirðir

Í samspili við náttúruna

Heimir Hansson, forstöðumaður Upplýsingamiðstöðvar Vestfjarða, segir að flestir, sem koma til Vestfjarða, séu í leit að einhverjum náttúruupplifun. Aðrir þættir eins og söfn, menning og matur séu líka afar mikilvægir. Hann segir að Reykhólasveitin sé eitt besta fuglaskoðunarsvæði landsins en þar er líka starfrækt Össusetur Íslands sem er sýning tileinkuð haferninum. „Svo eru það Barðaströndin, Rauðasandur og Látrabjarg - allt þekktar paradísir fyrir náttúruskoðun.“

Ferðaskrifstofan Westfjords Adventures á Patreksfirði skipuleggur skoðunarferðir og afþreyingu á svæðinu svo sem gönguferðir, hjólríðaferðir, rútuferðir og bátferðir. Margir fara líka í Selárdal í Arnarfirði að skoða hina frægu skúlpúta Samúels Jónssonar og ekki má gleyma Skrímslasetrinu á Bíldudal. Á Þingeyri er farið að gera talstvert út á víkingarflöfðina. Fyrirtækið Eagle Fjord býður t.d. upp á veiðiferðir og útsýnissiglingar á víkingaskipi, sem og söngugöngur um slóðir Gísla sögu

Súrssonar í Haukadal. Á víkingasvæðinu við sundlaug Þingeyrar eru líka ýmsar uppákomur. Í Dýrafirðinum geta svo byrjendur og lengra komnir farið í reiðtúra í stórkostlegu umhverfi við rætur „Vestfirsku Alpanna“. Boðið er upp á kajakferðir frá Flateyri en þar er líka hægt að skoða nokkur áhugaverð söfn t.d. Gömlu bókabúðina, Dellusafnið og Svarta pakkhúsið þar sem er sýning tengd sögu saltfisksins á Íslandi. Á Suðureyri hefur verið mjög vinsælt að fara í söngugöngu þar sem



Flatey.

er boðið upp á sjávarréttasmakk á leiðinni - allt afurðir sem unnar eru í þorpinu. Á Ísafirði skipuleggja ferðaskrifstofurnar Vesturferðir og Borea Adventures ferðir um Vestfirði, ekki síst inn í friðlandið á Hornstrandum. „Það nýtur gríðarlega mikilla vinsælda að fara þangað hvort heldur sem er í skipulagðar dagsferðir eða í lengri tíma á eigin vegum.“ Byggðasafn Vestfjarða er á Ísafirði sem og Gamla sjúkrahúsið sem nú er eitt af menningarhúsum bæjarins. Einnig er t.d. hægt að komast í söngugöngur um bæinn, kajakróður, hestbak og náttúruskoðun á RIB báti. Í nágrennabænum Bolungarvík er svo hið fræga safn Ósvör ásamt Náttúrgripasafni Bolungarvíkur. Ekki má heldur gleyma perlunum Skálavík og Bolafjalli en einnig er hægt að bregða sér í sjóstangaveiði eða sigla yfir á Hornstrandir. „Melrakkasetur Íslands í Súðavík er rannsóknarsetur og sýning um íslenska refinn en þar má m.a. sjá lifandi ref í gerði. Súðvíkingar eiga líka þann

Ljósmyndir: Ágúst Atlason.
www.is.westfjords.is -SJ

Fjölbreyttar ferðir um Vestfirði með Vesturferðum



West Tours - Vesturferðir

Vesturferðir er öflugur skipuleggjandi ferða og framsækin ferðaskrifstofa sem er staðsett á Ísafirði og sérhæfir sig í sölu ferða og allrar ferðatengdrar þjónustu á Vestfjörðum.

- Hornstrandir friðland
- Bataáætlun
- Gönguferðir
- Bátsferðir
- Kajakferðir
- Hestaferðir
- Skoðunarferðir
- Hvalaskoðun
- Fuglaskoðun
- Matarsmökkun
- Sjóstangaveiði
- Hjólríðaferðir
- Menningargöngur
- Pakkar
- Bílaleiga
- Gisting
- Gjafapokar

Aðalstræti 7 / 400 Ísafjörður / Sími: 456-5111 / vesturferdir@vesturferdir.is / www.vesturferdir.is

www.landogsaga.is

NÆSTA BLAÐ KEMUR ÚT Í
september
--- Þantaðu tímanlega ---

PITT EINTAK
fæst í öllum betri bókabúðum

Á ENSKU, FRÖNSKU OG ÞÝSKU
- BRÁTT EINNIG Á KÍNVERSKU
á öllum helstu viðkomustöðum ferðamanna



The Tourists' Choice

Gisting • Afþreying • Söfn • Veitingahús

www.icelandictimes.com



» Norðurland

Selir, hvalir, fuglar, gígar, hraunmyndanir...

Norðurland býður upp á mikil ævintýri. „Selaskoðun á Vatnsnesi hefur aukist til muna en hægt er að fara í selaskoðun frá Hvammstanga sem og að heimsækja Selasetrið sem er í bænum,” segir Arnheiður Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Norðurlands. „Þá er boðið upp á hvalaskoðun á svæðinu; lengi hefur verið boðið upp á hvalaskoðun frá Húsavík auk þess sem nú er boðið upp á hvalaskoðun frá Akureyri, Dalvík og Hauganesi.”

Ferðamenn geta skoðað fjölmargar fugla- tegundir á Norðurlandi og hefur verið lögð áhersla á að auðvelda aðgengi að þeim svo sem með stígum, slóðum, merkingum og fuglaskoðunarhúsum.

Náttúran er stórkostleg og má nefna Dettifoss sem dregur að margan ferðamanninn.

Svo eru það Ásbyrgi og Hljóðaklettur sem standa alltaf fyrir sínu. Umhverfið þar er ævintýralegt og hamraveggirnir í Ásbyrgi eins og vefja skógvaxinn völinn örnum.

Margir fljúga eða sigla til Grímseyjar frá Húsavík og Dalvík. Eyjan er við heimskaups- baug og koma sumir þangað til að geta stig- ið norður fyrir baug- fyrir utan að heimsækja eyjuna grænu og gista þar, fara í sund eða kíkja á kaffihúsið.

Grettislaug í Skagafirði dregur líka marga til sín. Hægt er að fara í laugina og svo er hægt að sigla út í Drangey.

„Svo er það Mývatnssveitin eins og hún leggur sig. Þeir sem hafa ekki farið þangað þyrftu helst að dvelja þar í tvo til þrjú daga ef þeir ætla að skoða svæðið vel. Það er gaman að skoða hver- svæðin, bæði Námaskarð og Leirhnjúk, sem og Kröflusvæðið. Þá er frábært að ganga um í Dimmuborgum sem eru klettaborgir og mynda alls konar figúrur. Þar eru góðar gönguleiðir og oft mikil veðursæld vegna þess hve þar er gott skjól. Höfði er frábært útivistarsvæði þar sem er mikil skógrækt og þá er einnig hægt að ganga í nágrenni Skútustaðagiga þar sem eru góðar gönguleiðir. Svo er tilvalið að fara í jarðböðin



Dimmuborgir.



Eyjafljórdur.

í Mývatnssveit - skreppa í lónið og láta líða úr sér eftir daginn.”

Vert er að minnast á ýmsar nýjungar á svæðinu svo sem Hótel Laxá í Mývatnssveit og útsýnispall við Skoruvíkurbjarg á Langanesi þar

sem er að finna eina mestu súlubyggð landsins sem og lunda, álkur og langvíur. Þá er útsýnispallur við Skjálftavatn þar sem skoða má fuglalíf. Einnig hafa verið opnaðar hestaleigir í Ásbyrgi og á Blönduósi.



Arnheiður Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Norðurlands.

| Viðburðir framundan | |
|---------------------|---|
| Júlí | 26. - 28. júlí Grettishátíð Grettisbóli, Laugarbakka |
| 27. - 28. júlí | Selatalning - Vatnsnes |
| Ágúst | 1. - 3. ágúst Ein Með Öllu |
| 7. - 10. ágúst | Fiskidagurinn mikli - Dalvík |
| 7. - 10. ágúst | Handverks hátíðin - Hrafnagilsskóla |
| 9. - 10. ágúst | Jökulsárhlaup |
| 14. - 16. ágúst | Tónlistarhátíðin Gæran á Sauðárkróki |
| 15. - 17. ágúst | Berjadagar í Ólafsfirði |
| 16. ágúst | Sléttugangan |
| 20. - 24. ágúst | Tradition for Tomorrow |
| 29. - 31. ágúst | Akureyrarvaka |

www.nordurland.is -SJ

» Hótel Laxá í Mývatnssveit

Umhverfisvænt þriggja stjörnu hótel

Híð stórglæsilega Hótel Laxá í Mývatnssveit var opnað í lok júnímánaðar. Hótel Laxá stendur við Ölnbogaás rétt við Baldursheimsafleggjarann sunnan megin vatns og er mjög viðsýnt þar yfir Mývatn og Mývatnssveit. Margrét Hólm Valsdóttir, hótels- stjóri Hótel Laxá, segir að tildrög þess að hótelið hafi verið byggt sé fyrst og fremst áhugi eigendanna, Vilhjálmur Sigurðssonar og Hjalmar Péturssonar. Þeir töldu ríka þörf á að byggja hótel í Mývatnssveit sökum ört vaxandi straums ferðamanna um eitt fallegasta hérað landsins.



Hótel Laxá stendur á frábærum stað í landi Arnarvatns.

leyfi landeigenda fengist. Þar hefur nú hótelið risið í landi Arnarvatns. Það var góð ákvörðun, héðan er frábært útsýni yfir sveitina og Mývatn sem ég er viss um að muni gera hótelið afar vinsælt. Hótel Laxá er þriggja stjörnu hótel með 80 tveggja manna herbergjum og getur því hýst 160 gesti í einu. Gangarnir í hótelinu heita eftir eyjum og hölmum í Laxá. Í miðjukjarna er veitingasalur, bar og móttaka og á neðri hæðinni er setu- stofa og fleira. Byrjað var að byggja hótelið í lok september 2013 og er það nú tilbúið, aðeins níu mánuðum



Margrét Hólm Valsdóttir stendur framman við borðið og innan við það þrjú starfsmenn.

leifi landeigenda fengist. Þar hefur nú hótelið risið í landi Arnarvatns. Það var góð ákvörðun, héðan er frábært útsýni yfir sveitina og Mývatn sem ég er viss um að muni gera hótelið afar vinsælt. Hótel Laxá er þriggja stjörnu hótel með 80 tveggja manna herbergjum og getur því hýst 160 gesti í einu. Gangarnir í hótelinu heita eftir eyjum og hölmum í Laxá. Í miðjukjarna er veitingasalur, bar og móttaka og á neðri hæðinni er setu- stofa og fleira. Byrjað var að byggja hótelið í lok september 2013 og er það nú tilbúið, aðeins níu mánuðum

leifi landeigenda fengist. Þar hefur nú hótelið risið í landi Arnarvatns. Það var góð ákvörðun, héðan er frábært útsýni yfir sveitina og Mývatn sem ég er viss um að muni gera hótelið afar vinsælt. Hótel Laxá er þriggja stjörnu hótel með 80 tveggja manna herbergjum og getur því hýst 160 gesti í einu. Gangarnir í hótelinu heita eftir eyjum og hölmum í Laxá. Í miðjukjarna er veitingasalur, bar og móttaka og á neðri hæðinni er setu- stofa og fleira. Byrjað var að byggja hótelið í lok september 2013 og er það nú tilbúið, aðeins níu mánuðum

og var þeim skipað upp á Húsavík og ekið á flutningabílum á áfangastað. Aðsókn er strax mjög góð en í upphafi var áætlað að hafa opið fram eftir hausti. Hér hefur vantað gistirými, margir hafa keyrt til Húsavíkur, Akureyrar eða jafnvel á gististaði í nágrenninu eftir að hafa notið frá- bærrar náttúru Mývatnssveitar en koma jafnvel aftur, hafa alls ekki fengið nóg,” segir Margrét.

Er hugmyndin að vera með einhverja sérhæfingu á Hótel Laxá?

„Fyrst og fremst stefnum við að því að verða umhverfisvottað hótel og erum í því ferli samhliða byggingu og rekstri, en við þurfum að reka það í ákveðinn tíma til að fá þá viður- kenningu. Fráveitumál voru í heild sinni hönnuð með það í huga og við vonumst til að fá vottun fyrir hótelið á næsta ári. Einhverjar uppákomur verða hér þegar nær dregur hausti en of snemmt er að segja frá þeim nú,” segir Margrét.

www.hotellaxa.is -GG

» Rauðka

Umsvif Rauðku á Siglufirði auka ferðamannastraum til staðarins

Finnur Yngvi Kristinsson er verkefnastjóri hjá Rauðku ehf. á Siglufirði, félag sem er í eigu Róberts Guðfinnssonar athafnamanns. Fyrir liðlega tveimur árum gerði félagið víðtækt samkomulag við sveitarfélagið Fjallabyggð um uppbyggingu tengda afþreyingu og ferðamennsku á Siglufirði. Rauðka er þegar umsvi- mikil í ferðaþjónustu á Siglufirði og rekur þar meðal annars veitinga- húsin Hannes Boy og Kaffi Rauðka. „Samkomulagið felur í sér atriði sem við teljum vera mikilvæg til þess að byggja grundvöll fyrir hótel. Það tengist ýmsum umhverfismálum og skóðasvæðinu og golfvöllinum,” segir Finnur Yngvi. Markmið samkomu- lags Rauðku og Fjallabyggðar er að skapa byggðarlaginu sérstöðu og gera það eftirsóknarvert í augum ferðamanna í framtíðinni.

Hafin er bygging á nýjum níu holu golfvelli, en þar á jafnframt að vera úti- vistarsvæði fyrir alla þá sem Siglufjörð heimsækja sem og heimamenn. Sveitarfélagið leggur til öll núver- andi mannvirki á skóðasvæðinu, sem byggja á upp, en Rauðka skuldbindur sig til að borga 300 milljónir króna inn á þann samning. Meðal annars á að reisa skóðaskála á næsta ári. Rauðka hefur þegar lagt umtalsverða fjármuni í fjárfestingar á Siglufirði. Gangi þær áætlanir eftir sem nefnd- ar eru í samkomulaginu bætast um 1.200 milljónir við á næstu árum svo heildarfjárfesting Rauðku í bænum verður ríflega 2.200 milljónir króna.

Glæsilegt hótel

Rauðka, sem var stofnuð í ágúst- mánuði 2007, dregur nafn sitt af sildarverksmiðju með sama nafni sem var landsþekkt á sildararun- um. Tilgangurinn var að byggja upp ferðaþjónustu á Siglufirði og koma með nýtt blóð inn í atvinnulíf- ið, fjölga atvinnutækifærum. Húsin vekja mikla athygli, gul, rauð og blá og standa við smábátahöfnina sem einnig hefur umtalsvert aðdráttarál. Finnur Yngvi segir að það hafi verið Akkilestarhæll ferðaþjónustunnar á Siglufirði að þar væri ekki nægjanlegt gistirými og veitingaþjónusta. „Við værum búin að ná ákveðinni enda- stöð ef Rauðka væri ekki að reisa hótel hér við smábátahöfnina sem mun heita Sunna, rétt eins og eitt sildar- planið forðum. Áætlað er að hótelið kosti um 1.300 milljónir króna. Á hót- elinu verður ferðalöngum boðin upp- lifun sem ekki finnst annars staðar á landinu. Í allri hönnun hefur verið leitað til að skapa mikla sérstöðu í upplifun fyrir gesti Hótel Sunnu. Hótel Sunna verður 68 herbergja hótel sem opna mun dyr sínar í sum- arbyrjun 2015. Glæsilegt timburklett húsið verður á tveimur hæðum og er það hannað til að aðlagast nánasta umhverfi sínu við Sildarminjasafnið og veitingastaði Rauðku. Aðkoma að hótelinu verður hin glæsilegasta þar



„Vinsældir kaffihússins eru miklar,” segir Finnur Yngvi.



Finnur Yngvi Kristinsson, verkefnastjóri, fyrir framan lúskráðug hús Rauðku ásamt starfsmönnum.

Finnur Yngvi segir að það hafi verið Akkilestarhæll ferðaþjónustunnar á Siglufirði að þar væri ekki nægjanlegt gistirými og veitingaþjónusta.

sem ný smábátahöfn verður byggð svo að hótelið sjálf verði umlukkið sögu og sjávarlífi þessa sögufæra bæjar. Úr öllum herbergjum verður því frá- bært útsýni yfir lífæð bæjarins og stór- brotna náttúru fjallanna í kring.

Aukinn fjöldi erlendra ferðamanna

„Útlendingar hafa verið mjög áber- andi í sumar,” segir Finnur Yngvi. „Það tók um þrjú ár að koma Héðinsfjarðargöngunum á kortið hjá flestum erlendum ferðaskrif- stofum og kynna það sem stendur þeim til boða hér. Þess eru þó jafnvel

dæmi enn að ferðamenn séu að fara Lágheiðina á leið hingað. Nú er boðið hér upp á leiðsöguferðir út í Siglunes, bæði með bátum og með því að fara þangað gangandi, en gömlu húsin þar hafa mikið aðdráttarál sem og saga þeirra. Ferðir í Héðinsfjörð njóta vaxandi vinsælda, það er algjör paradís að fara þangað, náttúran þar er alveg einstök. Einhver fiskur er þar í ánni sem og í Hólsá hér í Siglufirði. Svo má ekki gleyma Sildarævintýrinu sem vekur alltaf jafn mikla athygli á at- vinnusögu okkar Íslendinga og þætti Siglufjarðar í henni. Sildarævintýrið



Golfarar koma víðs vegar að til Siglufjarðar. Sumir í þessum hópi eru reyndar heimamenn eða reka áttir sínar til Siglufjarðar.



Hótel Sunna við smábátahöfnina. Verður opnað að ári.

er auk þess mjög fjölskylduven hátið með verzlunarmannahelgina og þess vegna myndast á henni mjög þægileg og skemmtileg stemming.”

Finnur Yngvi segir að nú megi sjá 40% aukningu ferðamanna yfir vetrartím- ann milli ára en fram að opnun hót- elsins verður aðsóknin svipuð milli ára á sumrin. Siglufjörður er því stað- ur sem nýtur vaxandi vinsælda, ekki síst vegna umsvifa Rauðku, bæði með- al Íslendinga og erlendra ferðamanna.

www.raudka.is -GG



Bjarni Th. Bjarnason, bæjarstjóri Dalvíkurbyggðar, með Svarfaðardalinn í bakgrunni.

» Dalvík

Tröllaskaginn er einstakt landssvæði

Fólk getur starfað nánast hvar sem er með hjálp internetsins, en til þess að fólk geti og vilji starfa á stað eins og Dalvík þarf að vera gott netsamband sem því miður er alls ekki nógu gott á Dalvík. Ljósleiðaratenging verður æ nauðsynlegri, hún er framtíðin, ekki bara fyrir almennig heldur einnig atvinnulífið á staðnum og þá ekki síst ferðaþjónustuna og nýsköpun sem skapar vel launuð störf. Starfsmenn fyrirtækja, námsfólk og fleiri þurfa að vinna inni á ýmsum heimasíðum, setja upp alls konar form og oft eru þetta þungar síður og skýrslur sem um ræðir. Góð tenging er líka nauðsynleg í nútíma ferðaþjónustu, fólk er með tölvur í bílnum og vill hratt og öruggt netsamband. Hér er ekki þráðlaust netsamband á tjaldsvæðinu og auðvitað þarf að kippa því í lag, það er krafan í nútíma ferðaþjónustu“ segir Bjarni Th. Bjarnason, nýkjörinn bæjarstjóri Dalvíkurbyggðar.

- Fiskidagurinn mikli hefur skilað bænum ómældri auglýsingu, enda ein af stærstu útihtátöðum landsins ár hvert og er mjög fjölskylduvænn. Er hugmyndin að halda þessa hátíð sjaldnar, ekki í ágústmánuði á hverju ári eins og verið hefur?

Bjarni segir það ekki koma til greina enda sé Fiskidagurinn mikli eitt besta tækifærið sem íbúar Dalvíkurbyggðar hafa til að skapa mynd sína og stuðla að öflugu sveitarfélagi sem fólk vill heimsækja og jafnvel búa í ef til þess gefst tækifæri í atvinnulífinu. Fiskidagurinn mikli er stærsta einstaka markaðssetningin sem sveitarfélagið Dalvíkurbyggð stendur að. Fólk sem

hefur komið einu sinni vill koma aftur og aftur, og gerir það, og svo er allur hinn fjöldinn sem vill koma en á eftir að láta það eftir sér. Það var skemmtileg viðbót þegar fiskisúpukvöldinu var bætt við. Ef fjöldi ferðamanna sem sækir til landsins á eftir að aukast, og það kannski einnig á Fiskideginum mikla, munu vafalaust einhverjir sjá tækifæri í því að byggja hótél á Dalvík.

Tröllaskaginn og hvalaskoðun
- Þú hefur nefnt að miklir möguleikar séu fylgirnir í því að byggja smávirkanir í Svarfaðardal, næg sé vatnsorkan. Er það bara til þjónustu við landbúnaðinn eða tengist það líka aukinni ferðaþjónustu?

„Á sínum tíma voru hér um 12 smávirkanir vitt og breitt í byggðarlaginu en þær voru allar aflagðar, nema við bæinn Karlsá, þegar RARIK kom til sögunnar. Það væri kjörið að virkja t.d. Brimnesána og nota það rafmagn t.d. í þágu stórfyrirtækisins Promens á Dalvík sem notar gríðarlega mikið rafmagn.“

Bjarni segir hvalaskoðun hafa aukist mikið í byggðarlaginu. Frá Dalvík eru gerðir út tveir hvalaskoðunarbatar og þaðan er siglt til Grímseyjar, einnig er hvalaskoðun frá Hauganesi og frá Litla-Árskógssandi eru siglingar til Hrísseyjar, þerlu Eyjafjarðar. „Tröllaskaginn er hér næstur okkur og hann er alveg einstakt landsvæði sem hefur vakið aukinn áhuga almennings á skemmtilegri útivist, og það allan ársins hring. Það mætti auka ferðir þangað með skipulögðum gönguferðum og fram hefur komið sú hugmynd, sem ég er mjög fylgjandi, að gera stíga upp með dalnum



Mikill jarðskjálfti reid yfir Dalvík 2. júní 1934 sem talinn er hafa verið 6,3 stig á Richter og átti hann upptök sín skammt undan landi við Dalvík. Þessum atburði eru gerð skil fyrir ferðamenn m.a. með þessu tjaldi sem stendur á túninu við byggðasafnið Hvol. Það er frá sama tíma og inniheldur muni sem tjaldbúar notuðu. Sýning er í byggðasafninu Hvoli.

Helsta ógnin sem steðjar að íbúum landsbyggðarinnar í dag er fólkið sem stjórnar Reykjavíkurborg og vill leggja af Reykjavíkurlugvöll. Reykjavíkurlugvöllur er nauðsynlegur fyrir landsbyggðarfólk sem þarf á flugsamgöngum að halda hvort sem það lýtur að sjúkraflugi, atvinnulífi, ferðaþjónustu, menntun eða öðru því sem almenningur þarf að sækja til höfuðborgarsvæðisins.“

- Bjarni Th. Bjarnason, bæjarstjóri Dalvíkurbyggðar

sem bæði göngufólk og fjallahjólafólk gæti nýtt sér. Þeirri framkvæmd þyrfti að fylgja aðgengilegt kort. Ég hvet íbúa Dalvíkurbyggðar til að hafa opin huga og frjótt ímyndunarafli, fara í hugarflæði um það sem betur má gera, ekki síst í ferðaþjónustunni.

Þeir þurfa að huga að því hvað þeir geta gert sjálfir án stuðnings annars staðar frá, t.d. frá ríkisvaldinu. Vera hugrakkir og bera höfuð hátt.“

„Helsta ógnin sem steðjar að íbúum landsbyggðarinnar í dag er fólkið sem stjórnar Reykjavíkurborg og

» Arctic Sea Tours á Dalvík

Mikil aukning í hvalaskoðunarferðum í ár

Arctic Sea Tours er hvalaskoðunarfyrirtæki á Dalvík sem gerir út tvo báta, Draum og Mána. Auk hvalaskoðunar býður fyrirtækið upp á ferðir eins og veiðar á sjóstöng, miðnætursiglingar og ferðir til Grímseyjar með Grímseyjarferjunni Sæfara. Framkvæmdastjóri Arctic Sea Tours, Freyr Antonsson, segir að vaxandi aðsókn sé í hvalaskoðunarferðir sem hann telur tengjast auknum fjölda ferðamanna sem koma til landsins og það hafi raunar verið aukning á hverju ári mörg undanfarin ár. Þá sé meira um hópa en minna um einstaka ferðamenn. Efbáðir bátarnir eru fullmannaðir komast 87 manns í ferð en verið er að vinna að stækkun farþegarýmis þannig allt að 102 farþegar rúmist í því.

„Hvalurinn er þarna í nægu æti, annars væri hann farinn annað. Við þurfum ekki að fara langt frá Dalvík til að sjá hval, siglum kringum Hríssey og stundum út undir Hrólfssker, stundum inn undir Rauðvík eða



Hvalaskoðunarbátarnir Draumur og Máni, hér í Dalvíkurhöfn, en gatan um hafnarssvæðið heitir því skemmtilega nafni Martröð!

Viðskiptavinir okkar sjá hval í 98% tilfella svo það er nánast engin ferð án þess að sjá hval.“

- Freyr Antonsson, framkvæmdastjóri Arctic Sea Tours

Hjalteyri. Barna fær fólk fyrst og fremst að sjá hnúfubak eða í um 94% tilfella í fyrri. Í fyrri fóru 6.400 manns með okkur í hvalaskoðun en það stefnir í að 10.000 manns fari með okkur í ár. Viðskiptavinir okkar

sjá hval í 98% tilfella svo það er nánast engin ferð án þess að sjá hval. Þeir sem eru svo óheppnir að sjá ekki hval geta fengið að koma aftur, og það gera flestir, og þá bregst það ekki að þeir sjá hnúfubak eða aðrar tegundir. Þetta

eru nánast eingöngu útlendingar sem fara í hvalaskoðunarferð. Íslendingar teljast til algjörar undatekningar.“
Spilar veður inn í hvort það sést hvalur?
„Nei, og heldur ekki sá tími á

deginum sem farið er. Það virðist ekki skipta máli, hvalurinn er alltaf á ákveðnum svæðum,“ segir Freyr Antonsson.
www.arcticseatours.is -GG



JARÐBÖÐIN VIÐ MÝVATN

SLÖKUN - VELLÍÐAN - UPPLIFUN

Jarðböðin við Mývatn
Njótið ykkar í slakandi heimsókn í Jarðböðin. Byrjið á að slaka vel á í gufuböðunum þar sem gufan ris upp úr sprungu sem nær djúpt niður í jarðskorpuna og endið svo í baðtóninu með jarðhitu vatni sem er sótt á allt að 2500 metra dýpi. Jarðböðin við Mývatn eru fullkomin fyrir þá sem vilja njóta náttúru og slaka á líkama og sál í heitu vatninu með útsýni yfir Mývatnssveit og gosgiginn Hverfjall.

Kaffi Kvika
Verið velkomin á Kaffi Kvika sem er staðsett í Jarðböðunum við Mývatn. Á Kaffi Kvika bjóðum við gestum uppá léttar máltíðir, sætindi og drykki á fallegum stað með frábært útsýni yfir svæðið.

Opnunartímar
Sumar (Júní, Júlí, Ágúst) 09:00-23:30
Vetur (September - Maí) 12:00-21:30

Mývatnssveit
Svæðið í kringum Mývatn er eitt af náttúrulegu fjarsjóðum Evrópu. Mótað af endurteknum eldgosum og jarðhræringum í gegnum aldirnar, landslagið í kringum hið 37 km² vatn er því fullt af ótrúlegum hraunmyndunum, gígum og hellum. Vottendið í kringum vatnið er einnig fullt af gróðri og fuglalífi en einnig leynast þar á sumrin eitthvað af myflugum en af þeim dreugar svæðið einmitt nafn sitt.

Starfsfólk okkar er ávallt til reiðu að veita upplýsingar um það sem hægt er að gera eða skoða í nágrenninu.

Jarðböðin við Mývatn
Jarðböðshólar, 660 Mývatn, Ísland
Sími: 464 4411, Netfang: info@jardbodin.is

www.jardbodin.is

Kyrrð og náttúra við sjávarsíðuna með ævintýrum og stutt til allra átta

Hingað koma margir ár eftir ár enda umhverfið fallegt og stutt til allra átta," segir Marínó Sveinsson, framkvæmdastjóri Sportferða, um sumarhúsin á Ytri-Vík á Árskógsströnd við Eyjafjörð. „Hér getur fólk notið kyrrðarinnar og hafsins en verið 20 mínútur síðar á góðum matsöluástandi á Akureyri, þar sem er blómleg flóra kaffihúsa, veitinga- og skemmtistaða eða gengið um Síldarsafnið á Siglufirði innan 40 mínútna. Staðsetningin er því einstök fyrir þá sem vilja fjölbreytileika. Fyrir skíðafólk er ekki ónýtt að geta farið á skíði fyrir hádegi í Hlíðarfjalli, verið í Bökkvisstaðafjalli við Dalvík uppúr hádegi og endað daginn á mögnuðu skíðasvæði Siglufirðinga. Fyrir þá sem sækjast eftir meiri ævintýrum er Tröllaskaginn í bakgarðinum, en við hjá Sportferðum skipuleggjum fjallaskíða- og vélsleðaferðir.“



Marínó Sveinsson, framkvæmdastjóri Sportferða.

á hestaferðir á sumrin, jeppa- og fjórholáferðir allt árið, vélsleðaferðir yfir vetrartímann og fjallaskíði þar sem komist er á tínda Tröllaskaga á snjótroðara eða með þyrllu. Þá er ónefnd köfun. Margir sækjast sérstaklega eftir að kanna ævintýraheim Eyjafjarðar og þá sérstaklega Strýttunna sem er einstök. Að sögn Marínó eru hvalaskoðunarferðir skipulagðar frá Dalvík og Hauganesi. Þá nýtur sjóstangaveiði og strandveiði sífellt meiri vinsælda.

„Við leggjum áherslu á persónulega þjónustu og markmið okkar er að uppfylla óskir viðskiptavina – ekki síst þær sérkennilegu," segir Marínó en á Ytri-Vík er boðið upp á gistingu í tveggja til sextán manna frístundahúsum alla



Margit skemmtilegt og óvænt getur átt sér stað í hestaferðunum.



Hjálteyri, Dalvíð gamla sildarverksmiðjunnar á staðnum dregur að sér fjölda ferðamanna, innlendra sem erlendra, á hverju ári.

mánuði ársins. Að sögn Marínó eru húsin vel útbúin og öll með heitum potti á verönd. „Það hefur því verið vinsælt fyrir fjölskyldur að koma til okkar undir lok sumars, leggja á ráðin, undirbúa veturinn og þá ekki síst jólahátíðina. Margir nota svo tækifæri til að fara til berja enda getum við boðið aðgang að góðu berjalandi. Aðrir ganga til rjúpnna.“

Marínó segir að vinsælustu ferðirnar séu þegar fyrirtæki, fjölskyldur og vinahópar vilji þétta hópinn og gera eitthvað saman - skemmtilegt og uppbyggjandi enda afþreyingin sem er

í boði fjölbreytt. Ytri-Vík er þannig kjörinn dvalarstaður fyrir alla sem vilja annars vegar njóta friðsældar en um leið eiga kost á ævintýrum. „Við höfum einfalt mottó: „Hér á öllum að líða vel," segir Marínó um leið og hann bendir á að bestu meðmælin séu þau að sömu hóparnir – innlendir og erlendir – komi ár eftir ár. „Við eigum okkar góðu föstu viðskiptavinum sem hafa komið til okkar ár eftir ár, þannig að við erum greinilega að gera eitthvað rétt.“

www.sporttours.is

-GG



Sumarhúsin í Ytri-Vík eru í fallega og friðsælu umhverfi með útsýni yfir Eyjafjörðinn.

Á Ytri-Vík er boðið upp á gistingu í tveggja til sextán manna frístundahúsum alla mánuði ársins.

BÁSAR
Guesthouse

Þar sem tíminn stendur byrr og ákbert sem truflar

Á Básar eru 8 herbergi með 18 rúmum. Skipast þau þannig að það eru 2 einmannsherbergi, 3 tveggjanna, 2 þriggjamanna og 1 fjögurramanna. Hægt er að fá morgunmat, hádegismat, kaffi og kvöldmat. Tekið er á móti bókunum í síma og gegnum tölvupóst.

Grimsey býður upp á fjölskrúðugt fuglalíf í sínu náttúrulega umhverfi, þar sem þú getur auðveldlega gleymt stund og stað. Miklir möguleikar eru á allskonar sjósporti, en nú þegar er hægt að fara á sjóstöng í gegnum gistiheimilið Bása. Heillandi sérstaða eyjunnar fyrir margan ferðamanninn er það hvað eyjan er langt frá landi, það leiðir til þess að mikill hluti heimsóknar til Grimseyjar felst í ferðalaginu á áfangastað.

Sími : 467-3103 • Email: basar@gistiheimilidbasar.is • www.gistiheimilidbasar.is



Göngugarpar á Viknaslóðum í Borgarfirði eystra.

» Austurland

Á hreindýraslóðum

Austurland er gönguparadís og hér er ofboðslega mikill náttúra og friðsæld," segir Jónína Brynjólfsdóttir, verkefnastjóri markaðssviðs Austurbrúar. „Hér er hægt að finna ró og næði og hér er oft meiri veðursæld heldur en á öðrum stöðum á landinu.“

Ferðamenn ættu flestir, ef ekki allir, að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Göngutúrar, hestaferðir á vegum hestaleiga á svæðinu, veiði og svo má nefna söfn og sundlaugar. Jónína segir að eitt besta aðgengi að lunda sé á Borgarfirði eystri en lundinn hefur sumaraðsetur á hólma í höfninni og er hægt að ganga þar upp.

Ferðaskrifstofan Austurför á Egilsstöðum selur skipulagðar ferðir um svæðið svo sem gönguferðir, jeppaferðir og fjórholáferðir. Ferðaskrifstofan er í samvinnu við ýmis fyrirtæki á svæðinu svo sem hvað varðar ferðir að t.d. Snæfelli og Stóruvörð, grasbalar, tjarnir og björg á stærð við hús á sama svæðinu.

„Hengifoss, sem er annar hæsti foss á Íslandi, er á Austurlandi og er skemmtileg gönguleið upp að honum.“ Svo eru það bæirnir á Austurlandi og það sem þeir hafa upp á að bjóða svo sem söfn og sundlaugar eins



Skriðuklaustur.

Ekki má gleyma hreindýrunum

„Hreindýrin eru auðlind sem við reynum að nýta eins mikið og við mögulega getum. Við gætum samt unnið meira en það vantar hráefni. Austfirskir hönnuðir vinna að fallegri hönnun, þar sem saumað er úr hreindýraleðri og svo eru t.d. gerðar tölur úr hreindýrabeinum. Þá saumar húsfréttir í Klausturseli, Ólavía Sigmarisdóttir, ýmsan varning úr hreindýraskinni.“

Viða á Austurlandi er hægt að nálgast kort af svæðinu og einnig er hægt að nálgast slíkt á netinu www.east.is. Þar er t.d. hægt að sjá hvað það tekur að jafnaði langan tíma að aka á milli ýmissa staða á svæðinu, hvar áhugaverðar gönguleiðir eru og hvar hægt er að sjá vissar dýrategundir.

www.austurbru.is

-SJ



Á Viknaslóðum í Borgarfirði eystra.

Þá gefst fólki kostur á að fara í kaffi inn á heimili bæjarbúa en slíkar ferðir er hægt að panta hjá Meet the Locals, ferðaskrifstofu á Eskifirði.



Hestamennska er mikil stund á sveðinu.



Á Viknaslóðum í Borgarfirði eystra.



Veglegt 80-90 rétta hlaðborð.



Stór matsalur Smyrlabjarga rúmar 200 manns í seti.

» Smyrlabjörg

Daglega er boðið upp á 80-90 rétta hlaðborð

Smyrlabjörg eru sveitahótel með 68 herbergjum í Suðursveit og eru þau staðsett 45 kílómetra frá Höfn í Hornafirði og 35 km frá Jökulsárlóni. Þar er stór veitingasalur sem tekur 200 manns í sæti og hentar vel fyrir ráðstefnur og fundi.

Fjárbúskapur er stundaður á bænum. „Boðið er upp á kvöldverðarhlaðborð alla daga sumarsins sem samantsett er af 80-90 réttum,” segir Laufey Helgadóttir sem er eigandi ásamt eigimanni sínum, Sigurbirni Karlssyni. „Við leggjum áherslu á að sem mest af hráefninu sé úr heimahéraði; við nýtum kjöt af eigin fé, kaupum nautakjöt og kartöflur frá bænum Seljavöllum, svínakjöt frá Miðserki, egg frá Grænahrauni, silung frá Hofi í Örefum og allan annan fisk kaupum við á Höfn. Allir réttir eru búnir til frá grunni hvort sem það eru súpur, sósur, braud, lasagna, kjötbollur eða fiskibollur, sem og alla eftirrétti. Tilgangurinn með þessu tengist

Við leggjum áherslu á að sem mest af hráefninu sé úr heimahéraði; við nýtum kjöt af eigin fé, kaupum nautakjöt og kartöflur frá bænum Seljavöllum, svínakjöt frá Miðserki, egg frá Grænahrauni, silung frá Hofi í Örefum og allan annan fisk kaupum við á Höfn.“

herbergi sem eru fjölskylduherbergi eða lúxusherbergi. Morgunverðarhlaðborð er innifalið í gistingu. Gestir fara út í fjárhús á veturna og á vorin en á sumrin eru ærnar út í haga. „Við höfum alltaf fáeinir kindur ásamt lömbunum sínum hér í nágrenninu sem er vinsælt meðal ferðamanna.“

- Laufey Helgadóttir eigandi Smyrlabjarga

Því að fólk er orðið svo meðvitað um hvað það lætur ofan í sig. Sumir sem eru t.d. með ofnæmi þurfa að hugsa út í hvað þeir borða og aðrir gera það út af persónulegum lífstíl,” segir Laufey en á hlaðborðinu má m.a. finna grænmetisrétti og fleiri rétti sem höfða til grænmetisneytenda og

fólks með sykursýki. „Við getum sagt fólki nákvæmlega hvað er í hverjum rétti.“ Þess má geta að hugað er að þeim sem vilja súrmat en hann er einnig í boði. Á hótelinu eru 68 stór og björt herbergi með baði og þar af eru 10

www.smyrlabjorg.is

-SJ

Til forna voru Smyrlabjörg konungsjörð. Árið 1836 var jörðin seld á 602 ríkisdali með tveimur kúgildum og hefur jörðin verið í bændaeign síðan.

www.hotel701.is


Veitingastaðir
Tveir veitingastaðir með óborganlegu útsýni yfir Lagarfljót sem bjóða hádegisverð, léttu rétti og „a la carte“ ásamt víðfrægu kvöldverðarhlaðborði alla daga yfir sumarið.

Gisting
Fallega innréttuð herbergi, hönnuð með þægindi í huga, taka á móti þér með dásamlegu útsýni og veita þér góða hvíld frá amstri dagsins.

Lindin
Lindin með heitan pott, eka finnska gufu og innfrarauda sánu. Þrenna sem veitir gestum sínum dásamlega vellíðan.

Upplifun • Þægindi • Vellíðan

www.hotel701.is • hotel701@hotel701.is • 471 2400



„Við erum líka með veitingastaðinn Randulffs-sjóhús sem er í eigu Sjóminjasafns Austurlands og er sérstakt að því leyti að það er gamalt síldarsjóhús í upprunalegri mynd.“

- Berglind Steina Ingvarsdóttir, framkvæmdastjóri Mjóeyrar

» Ferðapjónustan Mjóeyri

Boðið er upp á ýmsa gistimöguleika

Ferðapjónustan á Mjóeyri býður upp á ýmsa gistimöguleika á ævintýralegum stað á Mjóeyri við Eskifjörð. Þar eru fimm smáhýsi sem hvert rúmar allt að sjö manns þar sem eru fullbúin eldhús og baðherbergi með sturtu. Þá eru á staðnum þrjú smáhýsi þar sem fjórir geta gist og þar er einnig eldunaraðstaða og baðherbergi með sturtu. Einnig er hægt að gista í nokkrum hlýlegum herbergjum í gistihúsinu á staðnum sem byggt var árið 1895, annaðhvort í uppabúnum rúmum eða svefnpokaplássí. Sameiginlegt baðherbergi er fyrir þessi herbergi.

Útvarp og sjónvarp eru í öllum herbergjunum í gamla húsinu sem og í smáhýsunum.

Þá er stórt tún á svæðinu þar sem hægt er að tjalda og aðgengi er að rafmagni á staðnum. Gestir geta setið á palli fyrir framan gistiheimilið, farið í heitan pott sem búið er að koma fyrir í bát og farið í gufubað sem er í sér baðhúsi. Þvottavél og þurrkari er einnig í því húsi.

„Þetta er þægilegur og góður staður fyrir fjölskyldufólk. Hér er stórt svæði þar sem börn geta leikið sér. Þar eru t.d. fótboltamörk þannig að hægt er að spila þar fótbolta og fara í ýmsa leiki. Þetta er rólegt og notalegt umhverfi og fjaran býður upp á ýmsa möguleika,” segir Berglind Steina Ingvarsdóttir.

„Við erum líka með veitingastaðinn Randulffs-sjóhús sem er í eigu Sjóminjasafns Austurlands og er sérstakt að því leyti að það er gamalt síldarsjóhús í upprunalegri mynd. Það er opið frá

Góð aðstaða er á palli fyrir framan gistiheimilið þar sem hægt er að sitja og njóta útsýnsins. Þá er hægt að fara í heitan pott sem komið hefur verið fyrir í gömlum árabát eða fara í gufubaði í baðhúsinu.



hádeggi fram á kvöld og við leggjum áherslu á að bjóða upp á hráefni af svæðinu; t.d. fisk úr firðnum, hreindýr, hákarl og harðfisk.

Húsið var byggt árið 1890 af norðmanninum Peter Randulff. Á neðri hæð hússins, þar sem síldin var unnin, er núna veitingastaðurinn en á efri hæðinni er verubú síldarsjómannna í sinni upprunalegu mynd en þar hefur engu verið breytt síðan

www.mjoeyri.is

-SJ

GISTIHÚS SILLU

Gistihús Sillu býður upp á þrjú tveggja manna herbergi, staðsett á jarðhæð í friðsælu umhverfi. Herbergjunum fylgja uppabúin rúm og þráðlaust internet. Möguleiki er á að fá auka dýnu. Allir gestir hafa aðgang að fullbúnu eldhúsi, baðherbergi með baðkari og sturtu, sjónvarpsherbergi og rúmgóðri stofu.

Fáið nánari upplýsingar um verð og bókanir á vefsíðunni okkar.

info@gistihussillu.com www.gistihussillu.com +354 472 1189 Botnahlið 10 • 710 Seyðisfjörður

» Suðurland

Mikil fjölbreytni í náttúrufari og afþreyingu

Mikil fjölbreytni er í náttúrufari á Suðurlandi og líklega hvergi meiri á Íslandi. Jöklar, eldfjöll, eldfjallaeyjur, háhitasvæði, jökulár, svartir sandar, víðáttumikil gróin undirlendi, mýrar, stöðuvötn í öllum stærðum og gerðum, ósnorti hálandi og langar svartar sjávarstrendur. „Suðurland er stórt svæði og margt í boði hvort sem það er þéttbýlinu eða úti í guðsgrænni náttúrunni“ segir Dagný Hulda Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Markaðstofu Suðurlands.

„Til að nefna einhver sérkenni svæðisins má nefna Hveragerði sem er blómstrandi bær og stundum nefndur „heitasti bærin“ - það er ekki algengt að jarðhita- og hverasvæði séu innan bæjarmarka.“

Selfoss er miðstöð þjónustu á Suðurlandi, þar er t.d. að finna úrval verslana og veitingastaða. Þá var Fischer-setrið opnað á Selfossi síðastliðið sumar en um er að ræða safn með ýmsum munum sem tengjast skáksnillingnum Bobby Fischer.

Margir heimsækja Húsið á Eyrarbakka þar sem Byggðasafn Árnesinga er til húsa og geta gestir fræðst þar um sögu og menningu svæðisins. Þá ganga margir í fjórinni við Eyrarbakka og Stokkseyri. Ferðamenn hafa gaman af því að koma á svarta strönd.

„Í Þorlákshöfn er sú nýjung í boði að ferðamönnum gefst kostur á að heimsækja fiskvinnslu og smakka svo á afurðum hennar á kaffihúsi í bænum.“

Gamla laugin er náttúruleg og jafnframt elsta sundlaug landsins. Hún er staðsett í Hverahólmanum rétt við Flúðir og var opnuð almenningi í sumar eftir endurgerð. „Hún er skemmtileg nýbreytni á svæðinu.“ Þar er einnig lítil goshver sem gýs reglulega.

Þá er mikið um hestatengda afþreyingu á Suðurlandi en hægt er að fara í lengri og styttri hestaferðir fyrir þá sem það kjósa. Einnig er hægt að njóta hestasýninga og hestaleikhúss sem er skemmtileg viðbót við þá afþreyingarfloðu sem fyrir er.

Katla jarðvangur nær frá Hvolsvelli í vestri að Skeiðarársandi í austri og er áhugavert



Reynisfara.



Landeyjahöfn, sandur.

svæði. Nýlega voru gefin út gönguleiðakort með fjölbreyttum leiðum á svæðinu sem nýtast innlendum sem erlendum gestum. Ein af gönguleiðunum er t.d. Klausturstígurinn við Kirkjubæjarklaustur. „Klausturstígurinn er um það bil 20 kílómetra gönguleið sem nýbúðir er að merkja og þar hefur einnig verið gerður skemmtilegur ratleikur sem hentar fyrir alla fjölskylduna.“

Dagný Hulda segir að ferðir á jöklana á svæðinu hafi verið mjög vinsælar hjá ferðamönnum undanfarin misseri. „Gott aðgengi að jöklum er eitt af því sem gerir Suðurland sérstakt því þar er hægt t.a.m. að komast í tæri við hina ýmsu skriðjökla og fara í jöklaferðir á breyttum jeppum eða snjósléðum.“

Safnið Eldheimar var opnað í Vestmannaeyjum í sumar þar sem er glæsileg gosmínjasýning sem



Að í hestaferð.



Aldamótahátíð á Eyrarbakka.



Sundlaugin Selfossi.

Viðburðir framundan

Árborg
7. - 10. ágúst
Sumar á Selfossi og Delludagur - Bæjar- og fjölskylduhátíð

8. - 10. ágúst
Meistaradeild Ólís á Selfossi, nánar á www.olismot.is

9. ágúst
Brúarhlaupið á Selfossi - Ræst frá Ölfusárbrú

9. ágúst
Aldamótahátíð á Eyrarbakka - Þorpshátíð á Eyrarbakka í anda aldamótanna 1900

10. ágúst
Veiddagur fjölskyldunnar í Ölfusá - Veit í Ölfusá án endurgjalds

Hveragerði
15. - 17. ágúst
Blómstrandi dagar - Fjölskyldu-, menningar og heilsuhátíð

Uppsveitir Árnessýslu
2. - 3. ágúst
Traktorstorferja og Furðubátakeppni á Flúðum

9. ágúst
Grímsævintýri - Fjölskylduhátíð í Borg í Grímsnesi

16. ágúst
„Tvær úr Tungunum“ - Sveitahátíð í Biskupstungum

6. september
Uppskeruhátíð á Flúðum og nágrenni

6. september
Uppsveitahringurinn - Uppsveitahringurinn hlaupinn og hjólaður

Höfn í hornafirði
23. ágúst
Flugeldasýnina á Jökulsárlóni kl 23:00

Rangárhing eystra
15-16. ágúst
Töðugjöld á Helli - Fjölskylduhátíð
29. - 31. ágúst
Kjötsúpuhátíðin - Fjölbreytt fjölskylduhátíð

miðlar fróðleik um eldgos í Vestmannaeyjum árið 1973.

Dagný Hulda nefnir einnig að Suðurlandið sé mikil matarkista og hefur t.d. framboð á matvælum úr héraði aukist til muna undanfarin ár. Sérstaklega hefur verið unnið með þróun matartengdar ferðaþjónustu t.d. í Ríki Vatnajökuls og í Uppsveitum Árnessýslu.

„Allir ættu því að finna eitthvað við sitt hæfi í heimsókn sinni á Suðurland.“
Ljósmyndir: Laufey Ósk Magnúsdóttir.

www.south.is -SJ



Ribsafari.is
Túrfurfið Vestmannaeyja

Ribsafari býður spennandi afþreyingu í Vestmannaeyjum

Pantaðu í síma 661 1810
info@ribsafari.is

» Veitingahúsið Lindin

Sérhæfir sig í íslenskri villibráð

Veitingahúsið Lindin, sem er restaurant og bistro kaffihús, er í gamla húsmæðraskólanum að Laugarvatni. Útsýnið er fallett - Hekla, Eyjafjallajökull og Tindafjallajökull eru á meðal þess sem blasir við þegar horft er yfir vatnið.

„Þegar komið er að húsinu virkar það eins og lítið og sætt dúkkuhús,“ segir Baldur Öxdal Halldórsson, eigandi og matreiðslumeistari, „en sú er ekki raunin því stór salur er fyrir innan þar sem er bistro kaffihús og tekur 100 manns í sæti. Fremri hlutinn, þar sem veitingastaðurinn er, tekur um 50-60 manns í sæti. Lindin sérhæfir



Baldur matreiðslumeistari fyrir framan Lindina.

sig í íslenskri villibráð auk þess sem er að ræða bistro kaffihús þar sem boðið er upp á léttari rétti frá steikum niður í hamburgara og salöt.“

“Lindin sérhæfir sig í íslenskri villibráð auk þess sem um er að ræða bistro kaffihús þar sem boðið er upp á léttari rétti frá steikum niður í hamburgara og salöt.“

- Baldur Öxdal Halldórsson, eigandi og matreiðslumeistari

Á meðal þess sem boðið er upp á á veitingastaðnum er hreindýrakrajöt, lambakjöt, hrossakjöt, gæs, önd, sjóflugl, hvalkjöt og ýmsar fisktegundir og er stundum um að ræða fisk sem er t.d. veiddur í Þingvallavatni og Apavatni. „Allt meðlæti er heimabakað,“ segir Baldur sem er lærður

kökugerðarmaður en það lærði hann í New York og Sviss. „Við reynum að halda gæðunum í hámarki hvort sem það eru forréttir, aðalréttir, eftirréttir eða bara hvað sem er.“

www.laugarvatn.is -SJ



» Stracta hótél

Fjölbreytt úrval gistingar

Stracta hótél er nýtt hótél á Helli. Sólborg Lilja Steinþórsdóttir, hótélstjóri, segir að mikil áhersla hafi verið lögð á að skapa afslappað og þægilegt andrúmsloft sem endurspeglir náttúruna í nánasta umhverfi hótelsins.

„Sérstaða hótelsins felst ekki síst í því fjölbreytta úrvali gistingar sem boðið er upp á. Fyrst ber að nefna tveggja manna herbergi sem eru smekklega búin helstu þægindum. Síðan eru stór tveggja manna herbergi þar sem sérstakt tillit er tekið til þarfa fatlaðra einstaklinga sem þurfa t.d. að geta athafnað sig í hjólastól. Fyrir utan hótélherbergin eru einnig í boði stúdíóbúðir sem



eru 24 fermetrar að stærð með sérinngangi. Ennfremur eru til 45 fermetra stúdíóbúðir með tveimur svefnherbergjum, eldhúsi og heitum útipotti. Til viðbótar við ofantalið eru í boði lítil tveggja manna hostel-herbergi.“

Sólborg Lilja segir að starfsfólki hótelsins sé umhugað um að gestum líði vel og að þeir njóti persónulegrar þjónustu.

„Starfsfólk okkar leggur sig fram um að veita upplýsingar um

Á efri hæð aðalbyggingarinnar er hlaðborð á kvöldin þar sem fólk nýtur um leið útsýnis og getur farið út á svalir og sólpall. Þetta er tilvalinn áningarstaður fyrir fólk á öllum aldri sem er á ferð um Suðurland.

afþreyingu og þjónustu á svæðinu eins og t.d. hestaferðir, flúðasiglingar og fleira áhugavert.“
Sólborg Lilja segir að hinn almenni Íslendingur á öllum aldri ætti að finna eitthvað við sitt hæfi á hótelinu, hvort heldur sem leitað er eftir gistingu eða ef tilefnið er að staldra við á ferð sinni um landið og fá sér veitingar eða kaffisopa.



„Við leggjum áherslu á hollan og góðan mat og leggjum okkur fram um að bjóða mat sem er framleiddur í nágrenninu. Gestum og gangandi gefst kostur á að borða á staðnum eða úti í hótélgarðinum. Á efri hæð aðalbyggingarinnar er hlaðborð á kvöldin þar sem fólk nýtur um leið útsýnis og getur farið út á svalir og sólpall. Þetta er tilvalinn áningarstaður fyrir fólk á öllum aldri sem er á ferð um Suðurland. Við erum afar ánægð með staðsetningu Stracta hótelsins á Helli þar sem nálægðin við náttúruna er í aðalhlutverki. Hótelið er í alfaraleið hvort sem fólk vill skoða Heklu, fara á Gullfoss og Geysi eða aka um Suðurland þar sem leið liggur t.d. í Þórsmörk, Bása eða í Landeyjarhöfn á leið sinni til Vestmannaeyja.“

www.stracta.is -SJ

» **Dýragarðurinn í Slakka**

Ævintýralegur dýragarður

Dýragarðurinn í Slakka er heill heimur út af fyrir sig þar sem hægt er að lenda í ævintýrum. Dýr af ýmsum tegundum eru bæði úti og inni og má þar nefna kálfa, yrðlinga, svín, kalkúna, gæsir, mýs, hunda og ketti; það má jafnvel klappa sumum dýrunum eins og hundunum, köttunum og kanínunum.

„Það er búið að temja yrðlingana þannig að fólk getur fengið að klappa þeim,“ segir Helgi Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri.

Gestir geta líka spilað golf innandyra en í Slakka er hægt að spila minigolf auk þess sem þar er nju holi þúttvöllur. Helgi segir að golfvellirnir hafi notið mikilla vinsælda í vætutíðinni í sumar. Leikvöllur fyrir yngstu kynslóðina er einnig til staðar og í sumar var



opnaður sparkvöllur þar sem er t.d. mark og körfuboltaágrind.

Kaffi- og veitingahús er á staðnum. „Við erum með veitingar og reynum að gera eins vel og við getum. Við bjóðum t.d. upp á djúpsteiktan fisk, hamborgara og samlokur og við berum fram grænmeti með öllum réttunum.“ Þess má geta að grænmetið er úr hverfinu og er alltaf nýtt og ferskt.

„Við opnuðum tvær ljósmyndasýningar í sumar. Gunnar Steinn Ólafsson sýnir 20 myndir í gólfhúsinu og í gömlum torfbæ á svæðinu hanga uppi myndir sem ég hef tekið af staðnum í þau 20 ár frá því dýragarðurinn var opnaður.“

www.slakki.is



» **Halldórskafti**

Fjölskylduvænn veitingastaður

Halldórskafti í Vík í Mýrdal er veitingastaður, kaffihús og bar og er til húsa í elsta húsi bæjarins sem nefnt er eftir Halldóri Jónssyni kaupmanni.

„Við erum með eitthvað fyrir alla,“ segir Kolbrún Ósk Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri. „Kjöt- og fiskrétti, pítsur, hamborgara, samlokur, salöt, súpu dagsins og heimabakaðar kökur. Við erum með barnamatseðil þar sem eru t.d. fisk- og kjötréttir. Við bjóðum upp á kubbahorn fyrir börnin og litabækur svo það sé áfram

Á veggjum hanga iðulega uppi listaverk eftir ýmsa listamenn en fjölmargar sýningar eru haldnar yfir árið.

gaman í ferðalaginu. Lögð er áhersla á að nýta það hráefni sem hægt er að fá af svæðinu, valið er íslenskt.“

Veitingastaðurinn er hlýlegur; paneli á veggjum og þar hanga iðulega uppi listaverk eftir ýmsa listamenn. Fjölmargar sýningar eru haldnar yfir árið. Í sumar eru t.d. til sýnis verk á

vegum Textilfélagsins í tilefni 40 ára afmælis þess.

Gestir staðarins geta bæði setið inni og úti, ef veður leyfir, og notið þess að sitja í miðbæ Víkur í Mýrdal.

www.halldorskafti.is



» **Kirkjubæjarklaustur**

Fjölskylduvænt umhverfi við Kirkjubæjarklaustur

Kirkjubæjarklaustur er lítil, snotur bær sem stendur við jaðar mikilfenglegs hraunsvæðis. Klaustur, eins og bærinn er oftast kallaður, er hluti af Kötlu jarðvangi og Vatnajökulsþjóðgarði. Svæðinu í heild sinni má líkja við náttúruminjasafn undir berum himni. Eins langt og augað eygir má sjá mosapak-ið hraun og strýtulaga hóla, gervígiga, sem jafnframt eru ummerki mestu hraungosa á sögulegum tíma; annars vegar gossins í Eldgjá 934-940 og hins vegar Skaftárelda sem geisluðu 1783-1784. Á Kirkjubæjarklaustri var nunnuklaustur í kringum 1186 og eiga margar sögur og örnefni rætur sínar að rekja til þess tíma. Svæðið geymir fjölda leyndardóma sem bíða þess að verða uppgötvaðir.

Já, það er til App!

Nú gefst ferðalöngum einstakt tækifæri til að skoða svæðið með notkun snjallleiðsagnaforritsins



SmartGuide frá Locatify. Appið, eða smáforritið, býður upp á lesna leiðsögn sem leiðir notandann á staði

sem tengjast gosinu. Appið er fánlegt á íslensku og ensku og hægt er að tengjast því með GPS-tækni í gegnum snjallsíma hvar sem er. Bæði er boðið uppá leiðsögn í tengslum við Skaftáreldana og Klausturstíg sem er um 20 km löng gönguleið í nágrenni Kirkjubæjarklausturs. Einnig er hægt að fara í ratleik með alla fjölskylduna frá Skaftárstofu. Allar nánari upplýsingar er hægt að fá í

Þar sem Kirkjubæjarklaustur stendur varð eitt mesta hraungos á jörðinni, Lakagosið sem stóð yfir frá 1783 til 1784. Þessum sögulega viðburði eru nú gerð skil með „appi“ sem hlaða má niður frítt í flesta snjallsíma.



Skaftárstofu – upplýsingamiðstöðinni á Kirkjubæjarklaustri.

Hannaðu persónulegan minjagrip úr náttúrunni

„Fjárskóðir úr náttúru Skaftárhrepps“ er skemmtileg og nýstárleg afþreying á Kirkjubæjarklaustri en um er að



ræða ratleik þar sem þátttakandinn er leiddur áfram og er á endanum látinn hanna sinn eigin minjagrip úr ýmsum efnum sem hefur verið aflað með tilliti til sjálfbærni, s.s. mosa, lofti, hrauni og ull. Hægt er að kaupa sérmerkt glerlát með fjársjóðskorti á flestum sölustöðum svæðisins í þessum tilgangi.

Þessi einstaka hugmynd kemur frá íslenska hönnunarteyminu hjá HAF Studio og var unnin í samstarfi við www.visitklaustur.is.

Sjáumst í sumar á Kirkjubæjarklaustri – Miðu Suðurlands.

www.klaustur.is

-EMV

» **Sagnagarður**

„Sú saga sem hér er sögð hefst raunar þegar eyjan okkar reis úr sæ“

Í Gunnarsholti í Rangárvallasýslu, í skammt frá Hellu og minjasafninu á Keldum er Sagnagarður – fræðslu og kynningasetur Landgræðslu ríkisins. Þar er rakin saga landeyðingar og landgræðslu á Íslandi sem er samofin sögu þjóðarinnar. „Sú saga sem hér er sögð hefst raunar þegar eyjan okkar reis úr sæ“ segir Sveinn Runólfsson landgræðslustjóri. Safnið er í húsi þar sem Stóðhestastöð ríkisins var áður en húsið var afhent Landgræðslu ríkisins árið 2008. Sagnagarður var formlega opnaður 28. apríl 2011, á níræðisafmæli Þórðar Tómassonar, safnvarðar á Skógum, sem þá var sérstaklega heiðraður. Guðrún Lilja Gunnlaugsdóttir hannaði sýninguna.

Á safninu er landeyðing frá landnámi lýst í máli og myndum, ekki hvað síst áhrifum skógeyðingar á vistkerfi landsins: „Þegar skógarnir eyddust þá hvarf skjöldurinn, sem verndaði viðkvæman eldfjalljarðveg okkar og þetta leiddi til gríðarlegs upplástars,“ segir Sveinn og heldur áfram: „Í örbirgð þjóðarinnar fyrr á öldum neyddust menn til að hirða allan við, hris og allt annað sem hægt var að brenna og nýta allan þann gróður til beitar sem mögulegt var til að lífa af.“



Safnið gefur góða mynd af samskiptum lands og þjóðar

„Sýningin lýsir vel því sem ég kalla landnám hið síðara, þegar upp úr 1900 er byrjað að hefta sandfokið, þann mikla bölvöld og endurheimta gróður á auðnunum,“ segir Sveinn. Fyrstu lögum skógrækt og varnir gegn upplástri lands voru samþykkt árið 1907, en Sveinn segir að í upphafi hafi menn barist við sandinn nánast með tveim höndum tónum. Samt tókst að



forða nokkrum byggðum frá því að verða sandinum að bráð eins og t.d. Landsveitinni og Rangárvöllum. Síðar hafi vélvæðingin valdið byltingu í afköstum og meðal safngripa er líkan af

DC-3 flugvélinni Páli Sveinssyni sem lengi var notuð til landgræðslu.

Sveinn tiltekur sérstaklega melgresi og þátt þess í að binda sandinn. Í kynningarsetrinu er einnig

„Sýningin lýsir vel því sem ég kalla landnám hið síðara, þegar upp úr 1900 er byrjað að hefta sandfokið, þann mikla bölvöld og endurheimta gróður á auðnunum.“

- Sveinn Runólfsson landgræðslustjóri

fjallað um hvernig melfræ var áður nýtt til matar. Því er lýst í sofnhúsinu, stolti safnsins, sem er hið eina sinnar tegundar á Íslandi. Veggirnir eru úr hraungryti en þakið úr rekaviði, klætt melstráum og torfi. Sofnhúsið voru áður algeng í Skaftafellssýslum og Rangárvallasýslu. Talið er að slík hús séu upprunnin í Noregi og þaðan hafi þekkingin borist til Íslands með landnámsmönnum.

Safnið gefur góða mynd af samskiptum lands og þjóðar. Þar er í hnotskurn rakin 100 ára saga landgræðslustarfs á Íslandi og lýst helstu verkefnum í endurheimt landgræða og vistkerfa.

www.sagnagarður.land.is

-BRH

Hittingur í hádeginu

gegn framvísun þessarar auglýsingar færð þú **20% afslátt** ef komið er fyrir kl. 16:00

rauða húsið
restaurant *Eyrarbakka*

opið 11:30-22:00
alla daga í sumar



Fjölbreyttur matseðill í skemmtilegu umhverfi sem hefur að geyma mikla og merkilega sögu. Láttu það eftir þér að ferðast aftur til fortiðar um leið og þú upplifir einstaka máltíð í fallegu umhverfi.

Alékkum til að sjá þig á Eyrarbakka!



483-3330 - raudahusid.is - Búðarstíg 4, 820 Eyrarbakki

gildir til 15. september

» **Hendur í Höfn, Listasmíðja og kaffihús með sérstöðu**

Matarástríða og menning sameinuð

Matarástríða og menning mætast á eftirminnilegan hátt í Höndum í Höfn í Þorlákshöfn, en hér er um að ræða annars vegar persónulegt kaffihús sem sérhæfir sig í lausnum fyrir fólk með hverskonar fæðuþöf og ofnæmi og svo opna glervinnustofu þar sem listin ræður ríkjum.



Dagný segist hafa gríðarlega ástríðu fyrir matargerð og eyðir því mestum tíma sínum á staðnum, þess vegna hafi aldrei komið annað til greina en að innréttu staðinn þannig að fólk liði þar vel.

Matargerð Dagnýjar byggir á náttúrulegum hráefnum og segist hún hafa tekið sér langan tíma til að þróa uppskriftir sínar. „Það mætti segja að ég sé bragðlaukafíkill, en ég segi gjarnan að lífið sé of stutt fyrir vondar hitaæiningar. Ég vakna þannig á nóttunni og hugsa um

mat og fer mestur hluti sólarhringsins í matargerð. Ég hef hins vegar alla tíð glímt við hveitiofnæmi og svo eru börnin mín með mikið fæðuofnæmi og vegna þess hef farið þá leið að nota aðeins náttúruleg hráefni og geri allt frá grunni, það er því engin fjöldaframleiðsla hér,“ segir Dagný.

Allt í Höndum í Höfn er því bakað úr íslensku mjóli og alfandareggjum, kjöt og grænmeti kemur beint af býli og unnar matvörur eru hvergi sjáanlegar. Vegna fæðuofnæmisins hefur Dagný lagt mikið kapp á að þróa lausnir fyrir fólk með fæðuvandamál



af hvers kyns toga. „Fólk glímir við margskonar fæðuvandamál og ekki er alls staðar boðið upp á lausnir við þeim. Þess vegna er ég með margar tegundir á boðstólum hverju sinni, hvort sem fólk vill glúteinlaust, hráfæðikökur, mjólkurlaust eða hvað annað. Ég hef ekki enn orðið strand og ef það kæmi einhverntíma að því hlypi ég einfaldlega inn í eldhús og fyndi lausn á því. Ég reyni að hugsa allt í lausnum og ég held að viðskiptavinirnir kunni vel að meta það,“ segir Dagný.

Veitingareksturinn hefur vakið svo mikla lukku, að sögn Dagnýjar, að nú er boðið upp á heitan mat á fimmtudögum og föstudögum, sem lýtur að sjálfsgöðu sömu lögmálum og bakkelsið hennar.

Við hlið kaffihússins er svo glervinnustofan þar sem Dagný og aðrir búa til glermuni. Þar býður hún upp á tækifærismásmiði þar sem hún tekur á móti hópum, hvort sem það eru vinnustaðahópar, fjölskyldur eða steggir og gæsir. Það var raunar þannig sem kaffihúsið varð til, því eftir vinnustofurnar gæddu gestir hennar sér gjarnan á bakkelsi sem hún kom með að heiman og úr varð að matargerðin sameinaðist listinni. Nú er því hægt að fylgjast með því hvernig glermunir eru gerðir í opinni vinnustofu, kaupa einstaka muni og njóta vinalægs umhverfisins með kaffibolla og veitingum.

Hendur í höfn tekur einnig á móti hópum í mat utan venjulegs opnunartíma.

www.hendurihofn.is - VAG



„Það mætti segja að ég sé bragðlaukafíkill, en ég segi gjarnan að lífið sé of stutt fyrir vondar hitaæiningar.“

- Dagný Magnúsdóttir, eigandi

» **Ölfusíð opnast**

Þorlákshöfn í miklum vexti

Með tilkomu Suðurstrandarveggar mætti segja að strandhluti Ölfuss hafi opnast að nýju sem spennandi viðkomustaður fyrir ferðalanga. Dagsferð með fjölskylduna úr höfuðborginni í Ölfusíð getur þannig falið í sér fallega akstursleið, söguminjar, dorg á bryggju, viðkomu á handverksmarkaði og sundferð í glæsilegri, fjölskylduvænni sundlaug.



Vitinn við Þorlákshöfn. Ljósmynd Davíð Þór.

Menningarfulltrúi Ölfuss, Barbara Guðnadóttir, segir þjónustu við ferðamenn hafa aukist mikið og ótalmargt sé að sjá og gera. „Ölfusíð er gríðarstórt, en það nær frá Selvoginum í vestri, austur að Ölfusá og má þar finna fjölda áhugaverðra viðkomustaða sem hægt er að nálgast með lítilli fyrirhöfn,“ segir Barbara.

Þar má meðal annars finna húsið sem skáldið Einar Benediktsson bjó í um tíma, en þar hafa verið sett upp skilti um hann og búsetu hans þar ásamt örnefnakortum. Í Selvogi er svo Strandarkirkja sem er þekkt fyrir áheiti og heitir fólk enn á hana í dag. Barbara segir Selvoginn sjálfan vera mjög skemmtilegt svæði þar

sem fólk þykir gott að koma og upplifa náttúruna og tengslin við hafið. Í Selvogi hafa einnig verið sett upp örnefnakort um fyrri byggð, en í dag er þar aðeins búið í þremur bæjum allt árið um kring. „Veður og vindar hafa breytt ásýnd byggðarinnar svo úr verða hálfgerð draugahús. Þangað koma ekki margir sem gerir þetta mjög heillandi upplifun fyrir þá sem vilja prófa eitthvað öðruvísi,“ segir Barbara.



Strandarkirkja, vestr af Þorlákshöfn.

„Hér hefur líka verið opnaður handverksmarkaður í Herjólshúsinu við bryggjuna þar sem einnig er hægt að fá sér kaffi og kaupa kjöt og fisk úr héraðinu.“

- Barbara Guðnadóttir, menningarfulltrúi Ölfuss

kaffihús, leiksvæði, tjaldsvæði sem er afar glæsilegt og sundlaugin er mjög vinsæl, sérstaklega meðal fjölskyldu fólks. Hér hefur líka verið opnaður handverksmarkaður í Herjólshúsinu við bryggjuna þar sem einnig er hægt að fá sér kaffi og kaupa kjöt og fisk úr héraðinu. Þar er líka hægt að fá lánaða veiðistöng og björgunarvesti og renna fyrir fisk. Þar fyrir utan er þetta afskaplega vinalægur bær, þar sem fólk er afar hlöleg og vinsamlegt gagnvart gestum og gangandi,“ segir Barbara.

www.olfus.is - VAG

Öðruvísi upplifun

Suðurstrandarvegurinn býður upp á að ferðast um afar fallegt svæði, en vegurinn liggur frá Grindavík, í gegnum Krísuvík og Herðisárvík.



Í Skötubót, sandströnd austur af Þorlákshöfn.

5 ára
Óbyggðaðaferðir

Skemmtilegar fjórhjólafærðir um Fljótshlíðina fögru og okkar fallega hálandi allt árið um kring, Eyjafjallajökul, Þórsörk, Markarfljótsgljúfur, Landmannalaugar auk fleiri staða.

Frábær tjaldstæði, golfvöllur, veitingastaðir og öll þjónusta við ferðamenn í næsta nágrenni, meðal annars Hellishólar, Kaffi Langbrók og Smáratún.

Heimsókn í Fljótshlíðina svikur engan!

Öbyggðaðaferðir ehf
Lambalæk • Fljótshlíð • 861-Hvolsvelli
661-2503 • 661-2504 • info@atvtravel.is
www.obyggdadaferdir.is • einnig á Facebook

ÞÚ KEMST ÞANGAÐ MEÐ OKKUR!

MEST SPENNANDI
STAÐIR Á ÍSLANDI

Ferðir um Gullna hringinn



RE-04
Gullni hringurinn



RE-24
Gullfoss, Geysir
& Þingvellir
- Eftirmiðdagsferðir



SRE-74
Gullni hringurinn
& Fontana heilsulind

Ísland. Gaman að kynna þér!



Sjá fleiri ferðir í
bæklingum okkar

OG Á HEIMASÍÐU
OKKAR Á
WWW.RE.IS

BÓKADU NÚNA



í móttökunni þinni



eða á www.re.is

Frítt WiFi



BYDD - WWW.FLYBUS.IS



flybus



Reykjavík
Excursions
KYNNISFERÐIR